



GÆÐA- OG EFTIRLITSSTOFNUN  
VELFERÐARMÁLA

---

Frumkvæðisathugun  
á málavinnslu  
barnaverndarþjónustu  
Reykjanesbæjar við  
vistun barna utan  
heimilis

Útgefandi:

Gæða- og eftirlitsstofnun  
velferðarmála

Mars 2026  
[gev@gev.is](mailto:gev@gev.is)  
[gev.is](http://gev.is)

Umbrot og textavinnsla:  
Gæða- og eftirlitsstofnun  
velferðarmála

# Efnisyfirlit

<b>SAMANTEKT</b> .....	<b>3</b>
Tilmæli um úrbætur .....	4
<b>1. INNGANGUR</b> .....	<b>7</b>
1.1. Tilefni og afmörkun eftirlits .....	7
1.2. . Gagnaöflun og framkvæmd athugunar .....	8
<b>2. STARFSEMI OG STARFSHÆTTIR</b> .....	<b>11</b>
<b>3. SKRÁNING GAGNA OG VARÐVEISLA UPPLÝSINGA</b> .....	<b>13</b>
<b>4. MEGINREGLUR VARÐANDI VISTUN BARNIS EÐA FÓSTUR</b> .....	<b>19</b>
4.1. Réttindi barns við málsmeðferð .....	20
4.1.1. Skipun talsmanns .....	20
4.1.2. 15 ára aðili máls.....	21
<b>5. GRUNDVÖLLUR VISTUNAR</b> .....	<b>23</b>
<b>6. RÉTTARSTAÐA HINS FORELDRI</b> S .....	<b>26</b>
<b>7. ÁÆTLUN UM TRYGGGA UMSJÁ BARNIS, SBR. 33. GR. BVL.</b> .....	<b>28</b>
<b>8. VISTUN SKV. 84. GR. BVL.</b> .....	<b>29</b>
8.1. Leyfi á grundvelli 84. gr. bvl. ....	29
8.2. Samningar um vistun.....	32
8.3. Umgengni í vistun, sbr. 81. gr. bvl. ....	34
<b>9. FÓSTUR SKV. XII. KAFLA BVL.</b> .....	<b>35</b>

9.1. Leyfi skv. 66. gr. bvl.....	36
9.2. Umsóknir um fósturheimili skv. 2. og 3. mgr. 67. gr. bvl. ....	38
9.3. Fóstursamningar .....	38
9.4 Tilkynning um gerð fóstursamninga .....	39
9.5 Undirbúningur barns og fósturforeldra, sbr. 72. gr. bvl. ....	40
9.6 Umgengni skv. 74. gr. bvl. ....	40
<b>10. EFTIRLIT OG STUÐNINGUR.....</b>	<b>47</b>
<b>11. FÓSTURROF .....</b>	<b>52</b>

## Samantekt

Frumkvæðisathugun GEV var framkvæmd á grundvelli 14. gr. laga um GEV. Sneri hún að málavinnslu barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar í málum þar sem börn hafa verið vistuð utan heimilis, ýmist á grundvelli XII. kafla bvl. eða 84. gr. bvl. Eins var vinnsla mála þar sem ráðstafanir hafa haldist eftir 18 ára aldur skoðuð. Athuginin var afmörkuð við vinnslu opinna mála á tímabilinu 1. janúar 2024 til 18. febrúar 2025. Eðli málsins samkvæmt náði vinnsla málanna í flestum tilvikum þó lengra aftur og til þess að unnt væri að leggja heildstætt mat á vinnslu málanna var allur ferill máls skoðaður.

Eftir yfirferð þeirra gagna sem liggja til grundvallar athugininni er það mat GEV að töluverður og alvarlegur misbrestur hafi orðið við vinnslu mála hjá barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar.

Í fyrsta lagi er ljóst að töluverður misbrestur hefur verið á skráningu gagna og varðveislu upplýsinga hjá þjónustunni. Í öðru lagi bera gögn með sér að skort hafi á að gætt hafi verið á fullnægjandi hátt að réttindum barna við málsmeðferð en í því sambandi er sérstaklega vísað til skorts á skipun talsmanna og að gætt hafi verið að aðilastöðu barna 15 ára og eldri. Í þriðja lagi benda framlögð gögn til þess að skort hafi á að grundvöllur vistunar hafi verið tryggður á fullnægjandi hátt. Í fjórða lagi er ljóst að skort hefur á að gætt hafi verið að réttarstöðu hins foreldrisins þegar ráðstöfun beinist að öðru foreldrinu. Í fimmta lagi er ljóst að ekki hefur verið gætt nægjanlega að því að í gildi sé áætlun um trygga umsjá barns skv. 33. gr. bvl.

Hvað við kemur vistunum á grundvelli 84. gr. bvl. er í fyrsta lagi ljóst að mikill misbrestur hefur verið á því að barnaverndarþjónustan hafi aflað staðfestingar/afrits af leyfum vistunaraðila, leiðbeint vistunaraðilum að sækja um tilskilið leyfi innan sjö daga og tryggt að það hafi verið gert. Tilefni er til að ítreka skyldu barnaverndarþjónustunnar að tilkynna um ráðstöfun til bráðabirgða skv. 2. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004. Í öðru lagi má sjá af gögnum að skort hafi töluvert á skráningu upplýsinga varðandi vistun á neyðarheimilum í upphafi, áður en börnum var ráðstafað annað. Í þriðja lagi var misbrestur á að fyrir hendi væru samningar um vistun í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 652/2004 og undirritaðir í samræmi við meginreglur samningaréttar. Í fjórða lagi hefur orðið misbrestur þegar kemur að ákvörðunum um umgengni samkvæmt 81. gr. bvl.

Hvað varðar vistun barna í fóstur skv. XII. kafla bvl. er í fyrsta lagi ljóst að barnaverndarþjónustan hefur ekki gætt nægjanlega að því að afla staðfestingar/afrits af leyfum fósturforeldra eða gætt að gildistíma þeirra leyfa. Í öðru lagi skorti á að fyrir hendi væru umsóknir um fósturheimili til BVS/BOFS í gögnum málanna. Í þriðja lagi er ljóst að töluvert hefur skort á að fyrir hendi sé samfella gildra fóstursamninga á meðan fóstur varir. Í fjórða lagi hefur skort á að fyrir hendi væru tilkynningar um gerð fóstursamninga í

samræmi við 73. gr. bvl. og að þær tilkynningar samræmdust gerðum fóstursamningum. Í fimmta lagi var nokkur misbrestur á að barnaverndarþjónustan gætti að skyldum sínum er kom að umgengni við barn í fósturi á fullnægjandi hátt í samræmi við 74. gr. bvl. Í sjötta lagi var töluverður misbrestur á því að eftirliti og stuðningi við barn og fósturforeldra væri sinnt á fullnægjandi hátt. Í sjöunda og síðasta lagi kom í ljós að ekki hefur í öllum tilvikum verið send tilkynning til GEV um lok fósturs.

## Tilmæli um úrbætur

Með vísan til framangreinds og umfjöllunar í skýrslunni setur GEV fram neðangreind tilmæli um úrbætur hjá barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um GEV. Er barnaverndarþjónustunni gert að vinna að úrbótum í samræmi við tilmæli GEV og skal úrbótum lokið fyrir 1. janúar 2027.

Eftirfarandi tilmælum um úrbætur er beint til barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar:

1. að endurskoða verkferla sína er kemur að skráningu upplýsinga og gagna. Tryggja skal að farið sé að ákvæðum 39. og 42. gr. bvl. við skráningar barnaverndarmála og að öll gögn og upplýsingar séu skráð um hvert og eitt barnaverndarmál með tilætluðum hætti.
2. að tryggja rétt barna til að tjá sig við meðferð máls í samræmi við 2. mgr. 4. gr. bvl., sbr. einnig 2. mgr. 46. gr. bvl., sbr. einnig 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í þessu sambandi er sérstaklega vísað til ákvæða um aðstoð talsmanns, sbr. 3. mgr. 46. gr. bvl.
3. að endurskoða verkferla sína er kemur að vinnslu mála þar sem barn hefur náð 15 ára aldri í samræmi við 1. mgr. 46. gr. bvl. Tryggja þarf að barn sem orðið er 15 ára skrifi sjálft undir nauðsynleg gögn þegar það á við og að barnaverndarþjónustan geri viðkomandi grein fyrir eðli og réttaráhrifum samþykkisins í samræmi við 48. gr. bvl.
4. að tryggja að grundvöllur vistana sé í samræmi við lög. Gæta þarf að því að skriflegt samþykki liggja fyrir í gögnum málsins ef vistun grundvallast á samþykki skv. 25. gr. bvl. Þá er nauðsynlegt að grípa til aðgerða tímanlega ef á þarf að halda þegar fyrir liggur að grundvöllur vistunar er að renna sitt skeið.
5. að endurskoða verkferla sína er kemur að beitingu neyðarráðstafana skv. 31. gr. bvl. Í þessu sambandi er sérstaklega vísað til þeirra tilvika þegar erfiðlega gengur að ná í foreldra til að afla áframhaldandi samþykkis.
6. að endurskoða verkferla sína er kemur að skyldum skv. 67. gr. a. og b. bvl. þegar barni er ráðstafað í fóstur. Á það bæði við um verkferla er kemur að því að kanna grundvöll þess að ráðstafa barni til hins foreldrisins samkvæmt báðum ákvæðum sem og að leita umsagnar þess foreldris sem ekki fer með forsjá barns skv. 4. mgr. 67. gr. a. bvl.

7. að endurskoða verkferla sína er kemur að gerð, og eftir atvikum endurnýjun, áætlana um tryggja umsjá barns skv. 33. gr. bvl.
8. að skerpa á orðnotkun við skráningu mála. Mikilvægt er að nota rétt hugtök í hverju máli fyrir sig. Um þetta vísast sérstaklega til hugtakanna vistunaraðilar og fósturforeldrar.
9. að tryggja að fyrir liggja staðfesting á leyfi vistunaraðila skv. 84. gr. bvl., hvort heldur sem vistunaraðilar hafa leyfi er vistun hefst eða fá útgefið leyfi síðar.
10. að yfirfara verkferla sína er kemur að því að leiðbeina vistunaraðilum að sækja um tilskilið leyfi til GEV innan sjö daga frá því að vistun hefst, sbr. 3. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004, og ganga úr skugga um að það hafi verið gert og vistun sé þannig lögmæt.
11. að yfirfara verkferla sína er kemur að tilkynningum til GEV um ráðstöfun barns til bráðabirgða skv. 2. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004.
12. að endurskoða verkferla sína er kemur að gerð samninga um vistun skv. 84. gr. bvl. Barnaverndarþjónustunni ber að gera samning við vistunaraðila skv. 2. mgr. 43. gr. reglugerðar nr. 652/2004 áður en barn er vistað. Gæta verður að því að slíkir samningar séu í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar og undirritaðir í samræmi við meginreglur samningaréttar.
13. að endurskoða verkferla sína er kemur að umgengni við foreldra og aðra nákomna skv. 81. gr. bvl. Skylda hvílir á barnaverndarþjónustunni að leitast við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja, sbr. 3. mgr. 81. gr. bvl., ellegar skal leggja mál fyrir umdæmisráð barnaverndar, sbr. 4. mgr. 81. gr. bvl.
14. að tryggja að í gögnum máls liggja fyrir staðfesting á leyfi fósturforeldra. Þá er einnig mælt til þess að barnaverndarþjónustan gæti að gildistíma leyfa fósturforeldra svo barni sé ekki ráðstafað í fóstur hjá aðilum sem ekki hafa gilt leyfi.
15. að endurskoða verkferla sína er kemur að gerð fóstursamninga með tilliti til leyfis fósturforeldra. Þannig ber barnaverndarþjónustunni að gæta að því að fóstursamningar séu ekki gerðir afturvirkir og nái þannig yfir tíma þar sem fósturforeldrar höfðu ekki gilt leyfi.
16. að endurskoða verkferla sína er kemur að því að óska eftir fósturheimili fyrir börn til BOFS í samræmi við 67. gr. bvl.
17. að gæta að því að gildir fóstursamningar séu fyrir hendi á meðan á ráðstöfun varir í samræmi við 68. gr. bvl, sbr. einnig IV. kafla reglugerðar um fóstur nr. 804/2004.

18. að gæta að því að tilkynnt sé um gerð fóstursamninga í samræmi við 73. gr. bvl., sbr. einnig 28. gr. reglugerðar um fóstur nr. 804/2004. Skulu tilkynningarnar samræmast gerðum fóstursamningum, þ.e. þannig að dagsetningar séu réttar.
19. að gæta að því að verklag varðandi ákvörðun um umgengni barns við foreldra og aðra nákomna sé í samræmi við 74. gr. bvl. Bent er á frumkvæðisskyldu barnaverndarþjónustunnar í þessu tilliti og ekki er tækt að láta ákvörðun um umgengni í hendur fósturforeldra. Þá er ítrekaður réttur einstaklinga til að óska breytinga á samningi, ef ekki næst samkomulag ber að leggja mál fyrir umdæmisráð barnaverndar.
20. að gæta að réttarstöðu fósturforeldra við ákvörðun á umgengni í samræmi við 74. gr. a. bvl. Á það sérstaklega við um aðkomu fósturforeldra barna í varanlegu fóstri að gerð samninga um umgengni, sbr. 2. mgr. 74. gr. a. bvl.
21. að leiðbeina fósturforeldrum um réttarstöðu sína skv. 74. gr. a. bvl. á fullnægjandi hátt í samræmi við 40. gr. bvl., sbr. einnig 7. gr. ssl.
22. að viðhafa virkt innra eftirlit með starfsemi sinni í samræmi við 1. mgr. 11. gr. laga um GEV. Liður í því er að kortleggja hvaða lög, stjórnvaldsfyrirmæli, samningsákvæði, leiðbeiningar og reglur gilda um starfsemina, viðhafa verklag til að stuðla að því að þjónustan sé veitt í samræmi við þær kröfur sem til hennar eru gerðar og að framkvæma eftirlit til að tryggja að þjónusta sé veitt í samræmi við kröfur til starfseminnar, t.d. í formi úttekta.
23. að endurskoða verklag sitt er kemur að eftirliti í samræmi við 89. gr. b. bvl., sbr. einnig 34. gr. reglugerðar um fóstur. Mikilvægt er að leggja áherslu á fylgst sé náið með aðbúnaði og líðan barns á fósturheimili og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum. Í þessu sambandi er mikilvægt að fósturheimili séu heimsótt, a.m.k. einu sinni á ári, en oftár ef þörf er talin á.
24. að leiðbeina fósturforeldrum á fullnægjandi hátt um þann stuðning sem þeim stendur til boða, sbr. 26. gr. reglugerðar um fóstur nr. 804/2004, sbr. einnig 3. mgr. 65. gr. a. bvl.
25. að tryggja að tilkynning um lok fósturs sé send bæði til BOFS og GEV í samræmi við 1. mgr. 73. gr. bvl., bvl., sbr. einnig 33. gr. reglugerðar nr. 804/2004.

# 1. Inngangur

Vistun barna utan heimilis er það úrræði barnaverndarlaga nr. 80/2002 (bvl.) sem felur í sér hvað mest inngrip í líf barna og fjölskyldunnar. Börn sem vistuð eru utan heimilis eru í gríðarlega viðkvæmri stöðu og enda þótt slík ráðstöfun sé gerð með hagsmuni barnsins að leiðarljósi getur hún á sama tíma haft neikvæðar afleiðingar til langs tíma. Rannsóknir hafa sýnt að uppkomin fósturbörn standa höllum fæti í samfélaginu, menntunarstig þeirra er almennt lægra en menntunarstig almennings og auknar líkur eru á geðrænum erfiðleikum, lágum tekjum, fíknivanda, afbrotahegðun og sjálfskaðandi hegðun. Niðurstöður rannsóknar sem framkvæmd var hér á landi árið 2021 benda til þess að fyrrum fósturbörn séu margfalt líklegri en aðrir til að þiggja örorkubætur til framfærslu.<sup>1</sup> Leggja verður mikla áherslu á að barnaverndarþjónustur vandi sérstaklega vel til verka við undirbúning, framkvæmd, stuðning og eftirfylgd í málum barna sem vistuð eru utan heimilis enda geta gæði vinnslunnar haft gríðarleg áhrif á hvernig börnum sem vistuð eru utan heimilis mun farnast fram á fullorðinsár.

## 1.1. Tilefni og afmörkun eftirlits

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) sinnir eftirliti með gæðum þjónustu sem veitt er á grundvelli barnaverndarlaga, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021 (lög um GEV). GEV hefur að eigin frumkvæði eftirlit með gæðum þjónustu, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga um GEV og er markmið starfsemi stofnunarinnar að sú þjónusta sem lýtur eftirliti hennar sé traust, örugg og í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, reglna, samninga og leiðbeininga, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

GEV tók þá ákvörðun í febrúar 2025 að stofna til frumkvæðisathugunar, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga um GEV, á vinnslu barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar í þeim málum þar sem börn hafa verið vistuð utan heimilis á grundvelli barnaverndarlaga. Tilefnið var fjöldi og efni þeirra ábendinga og kvartana sem borist höfðu stofnuninni vegna framangreinds, samtals sjö erindi. Lagt var upp með að athugunin tæki til þeirra mála þar sem um væru að ræða ráðstafanir barna í fóstur skv. XII. kafla bvl., þ.e. vistun barna í tímabundið, varanlegt og styrkt fóstur, auk þess sem ætlunin var að kanna þau mál þar sem barnaverndarþjónustan hefði falið vistunaraðilum að veita barni móttöku á einkaheimili skv. 84. gr. bvl. Þá var jafnframt ákveðið að skoða vinnslu mála þar sem ráðstafanir hefðu haldist eftir 18 ára aldur, sbr. 1. mgr. 3. gr. bvl., sbr. einnig 2. mgr. 25. gr. bvl. Markmið athugunarinnar var fyrst og fremst að kanna hvort barnaverndarþjónusta Reykjanesbæjar hefði fylgt þeim málsmeðferðarreglum sem kveðið er á um í barnaverndarlögum við vinnslu framangreindra mála.

<sup>1</sup> Birgitta Rós Laxdal og Freydís Jóna Freysteinsdóttir: *Fósturbarn og hvað svo?*, Tímarit félagsráðgjafa, 1. tbl. 17. árgangur 2023, aðgengilegt: <https://felagsradgjof.is/wp-content/uploads/2023/04/Fo%CC%81sturbarn-hvad-svo.pdf> [sótt 20. janúar 2026].

Í upphafi var ákveðið að afmarka athugunina við opin mál á tímabilinu 1. janúar 2024 til 18. febrúar 2025. Líkt og rakið verður hér að neðan óskuðu eftirlitsaðilar eftir tilteknum gögnum og upplýsingum í 23 málum. Til þess að fá sem skýrasta mynd af vinnslu barnaverndarþjónustunnar var ákveðið að skoða vinnslu er kom að vistunum hvers barns í heild sinni. Í einhverjum tilvikum þýddi það að skoðuð var vinnsla mála sem fram fór fyrir þær breytingar sem orðið hafa á barnaverndarkerfinu á síðustu árum. Athuginin tekur mið af því lagaumhverfi sem í gildi hefur verið á hverjum tíma.

## 1.2. Gagnaöflun og framkvæmd athugunar

Gagnaöflun GEV fól í sér skriflegar gagna- og upplýsingabeiðnir til barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar, viðtöl við starfsfólk og stjórnendur barnaverndarþjónustunnar auk þess sem rætt var við úrtak fósturforeldra. Grundvallaðist gagnaöflun á 1. mgr. 15. gr., sbr. 22. gr. laga um GEV.

Í upphafi, þann 18. febrúar 2025, var óskað eftir eftirfarandi upplýsingum og gögnum frá barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar á tímabilinu 1. janúar 2024 til 18. febrúar 2025:

- Lista yfir öll þau mál sem höfðu verið til vinnslu hjá barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar á grundvelli XII. kafla bvl. sem og þau mál þar sem barnaverndarþjónustan hafði falið vistunaraðila að veita barni móttöku á einkaheimili skv. 84. gr. bvl. á umræddu tímabili.
- Skriflegum reglum barnaverndarþjónustunnar um vinnslu fósturmála skv. XII. kafla bvl. sem og mála þar sem barn er vistað á einkaheimili á grundvelli 84. gr. bvl.
- Tilteknum upplýsingum um starfsfólk barnaverndarþjónustunnar sem starfað hefði í þeim málum sem til skoðunar voru á tímabilinu.

Umbeðin gögn bárust annars vegar 4. og hins vegar 25. mars 2025. Þann 12. mars 2025 höfðu eftirlitsaðilar óskað eftir því að fá yfirlit yfir öll þau mál þar sem ráðstafanir hefðu haldist eftir 18 ára aldur, sbr. 1. mgr. 3. gr. bvl., sbr. einnig 2. mgr. 25. gr. bvl. Sem fyrr var miðað við tímabilið 1. janúar 2024 til 18. febrúar 2025.

Þann 6. mars 2025 funduðu eftirlitsaðilar GEV með teymisstjóra barnaverndarþjónustunnar og teymisstjóra ráðgjafar- og virkniteymis. Markmið fundarins var að afla almennra upplýsinga um starfsemi barnaverndarþjónustunnar.

Samkvæmt lista barnaverndarþjónustunnar hafði 41 mál verið til vinnslu á umræddu tímabili. Eftirlitsaðilar völdu 23 mál af listanum til að kanna nánar. Gætt var að því að velja mál þar sem finna mætti allar tegundir vistana, þ.e. vistanir á grundvelli 84. gr. bvl., tímabundið fóstur, varanlegt fóstur, styrkt fóstur og mál þar sem ráðstafanir hefðu haldist eftir 18 ára aldur. GEV óskaði eftir nánar tilgreinum upplýsingum og gögnum um hin 23 mál með bréfi dags. 26. mars 2025, þ.e.:

- Upplýsingum og gögnum um grundvöll vistunar, þ.e. eftir atvikum:
  - samþykki fyrir vistun skv. 25. gr. bvl.,

- afsal á forsjá skv. 25. gr. bvl.,
- úrskurðir frá umdæmisráði barnaverndar/barnaverndarnefnd
- og/eða úrskurðir Héraðsdóms/Landsréttar/Hæstaréttar skv. 27. gr., 28. gr. og 29. gr. bvl.
- Upplýsingum og gögnum um hvernig staðið hafi verið að málsmeðferð skv. 67. gr. a., b. og c. bvl.
  - Afrit af umsjársamningum skv. 2. mgr. 67. gr. b.
- Umsóknir barnaverndarþjónustunnar um fósturheimili til BVS/BOFS skv. 2. og 3. mgr. 67. gr. bvl., ásamt öllum fylgiskjölum. Það athugast að einnig var óskað eftir svörum sem barnaverndarþjónustunni bárust vegna umsóknanna.
- Umsóknir til BVS vegna 84. gr. vistunar (fyrir tíma BOFS og GEV). Það athugast að einnig var óskað eftir svörum BVS vegna þeirra umsókna.
- Upplýsingar/skráningar um hvernig staðið hafi verið að undirbúningi barns fyrir viðskilnað frá foreldrum og hvernig fósturforeldrar hafi verið undirbúnir fyrir hlutverk sitt, sbr. 72. gr. bvl.
- Afrit af öllum þeim samningum sem gerðir hafa verið vegna vistunar barns, þ.e. eftir atvikum:
  - Samningur um vistun skv. 84. gr. bvl.
  - Fóstursamningar um tímabundið, varanlegt og styrkt fóstur, sbr. 68. gr. bvl.
  - Samningar um vistun ungmenna 18-20 ára.
- Upplýsingar/skráningar um vinnslu varðandi framlengingu á vistun þar sem gerðir hafa verið fleiri en einn samningur.
- Upplýsingar/skráningar um vinnslu mála þegar orðið hefur fósturrof.
- Upplýsingar/skráningar um vinnslu mála skv. 2. mgr. 25. gr. bvl.
- Afrit af þeim leyfum sem vistun/samningar byggja á, þ.e. eftir atvikum leyfi til að taka barn í fóstur skv. 66. gr. bvl. og/eða leyfi til að vista barn skv. 84. gr. bvl.
- Afrit af áætlunum um tryggja umsjá barns, sbr. 33. gr. bvl.
- Afrit af áætlunum um meðferð máls, sbr. 23. gr. bvl.
- Upplýsingar og gögn varðandi umgengni barns í fóstri skv. 74. gr. bvl. og vistun skv. 81. gr. bvl.
  - Skráningar um beiðnir barns/foreldra/annarra nákominna um umgengi.
  - Skráningar um hvort/hvernig gætt hafi verið að 74. gr. a. bvl. varðandi réttarstöðu fósturforeldra við ákvörðun um umgengni.
  - Skráningar varðandi ákvörðun barnaverndarþjónustunnar um umgengni.
  - Samningar um umgengni skv. 3. mgr. 74. gr. bvl. og 3. mgr. 81. gr. bvl
  - Úrskurðir barnaverndarnefndar/umdæmisráðs barnaverndar/úrskurðarnefndar velferðarmála um umgengni ef þeim er til að dreifa.
  - Skráningar um eftirlit með umgengni þar sem það á við.
- Skráningar varðandi ákvörðun um skipun talsmanns, sbr. 3. mgr. 46. gr. bvl. Einnig afrit af skýrslum talsmanna þar sem það á við.
- Upplýsingar um eftirlit/heimsóknir skv. 89. gr. b. bvl. Skráningar sem liggja fyrir um eftirlit barnaverndarþjónustunnar með vistun barna utan heimilis.
- Allir dagálar sem liggja fyrir í málinu á tímabili vistunar.
- Upplýsingar/skráningar um hvernig staðið hafi verið að lokun máls þar sem það á við.

- Upplýsingar/skráningar um hvaða stuðningur var/hefur verið veittur og á hvaða forsendum, bæði til barnanna og vistunaraðila, skv. 2. mgr. 70. gr. bvl., f. lið 1. mgr. 68. gr., 3. mgr. 80. gr. bvl. og 26. gr. reglugerðar um fóstur 804/2002.

Umbeðin gögn bárust GEV þann 7. maí 2025. Það skal tekið fram að GEV óskaði eftir því að umbeðin gögn í máli hvers barns yrðu flokkuð saman eftir tegund og að þeim yrði skilað í tímaröð. Barnaverndarþjónustan varð ekki við þeirri beiðni og var mikil óreiða í framlögðum gögnum. Gögnin voru ekki flokkuð saman eftir tegund og það kom ítrekað fyrir að sömu gögnin komu fyrir oftari en einu sinni í hverju máli. Gagnaúrvinnsla eftirlitsaðila tók því nokkuð lengri tíma en áætlað var.

Þann 27. júní 2025 sendu eftirlitsaðilar tölvupóst á barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar og vöktu athygli á því að í þremur málanna vantaði nánar tiltekin gögn, þ.e. einungis upplýsingar um skrár höfðu fylgt með en ekki skrárnar sjálfar. Var þess óskað að umrædd gögn yrðu send aftur og var veittur til þess tveggja vikna frestur, þ.e. til og með 11. júlí 2025. Gögnin bárust annars vegar 9. og hins vegar 14. júlí, þó ekki einungis umbeðin gögn heldur öll gögn úr fyrri gagnapakka.

Viðtöl eftirlitsaðila GEV við ráðgjafa og teymisstjóra barnaverndarþjónustunnar fóru fram á tímabilinu 29. október til 19. nóvember, samtals sjö viðtöl. Í framhaldi var rætt við úrtak fósturforeldra, samtals 7 manns.

Barnaverndarþjónusta Reykjanesbæjar fékk lokadrög frumkvæðisathugunarinnar til yfirlstrar og athugasemda þann 20. febrúar 2026. Athugasemdir/spurningar bárust frá þjónustunni þann 5. mars 2026. Tvær athugasemdir bárust. Annars vegar varðandi skipun talsmanna: „Á öllum móttöku og greiningafundum þegar tilkynningar eru teknar fyrir er bókað á móttöku og greiningafundi hvort talin sé þörf á að skipa barni talsmann og sú bókun færð í dagnótu máls. Þegar gripið er til ráðstafana svo sem þegar mál fara fyrir umdæmisráð og mál rekið fyrir dómi hefur verið óskað eftir talsmanni fyrir börn, alltaf þegar ákvörðun er tekin gegn vilja barns, höfum alltaf í huga þegar barn er orðið 15 ára (lögmann) yngri börn (félagsráðgjafa eða einhvern sem barnið á tengingu við, t.d. í skólanum) og fær þá spurningar frá málstjóra um hvað á að kanna/leita upplýsinga um.“ Hins vegar var athugasemd varðandi skráningu af leyfum fósturforeldra eða gætt að gildistíma þeirra leyfa: „Partur af innra gæðaeftirliti okkar er að fá afrit af starfsleyfi fósturforeldra.“

Rétt er að taka fram að í umfjöllun hér að neðan þar sem tiltekin eru dæmi um ákveðna málavinnslu er ekki um tæmandi umfjöllun um viðkomandi atriði að ræða, heldur eru valin mál tiltekin niðurstöðunni til stuðnings.

## 2. Starfsemi og starfshættir

Barnaverndarþjónusta Reykjanesbæjar tilheyrir velferðarsviði sveitarfélagsins. Í upphafi athugunar störfuðu þar auk teymisstjóra sjö ráðgjafar. Samkvæmt upplýsingum á fundi eftirlitsaðila GEV og fulltrúa barnaverndarþjónustunnar 6. mars 2025 hafði teymið þá nýlega náð fullri mönnun. Þegar viðtöl eftirlitsaðila við starfsfólk barnaverndarþjónustunnar hófust í lok október 2025 höfðu orðið breytingar í starfsmannahópnum. Tveir ráðgjafar höfðu látið af störfum og tveir höfðu verið ráðnir inn í staðinn. Aðeins annar ráðgjafanna hafði þó hafið störf er viðtöl fóru fram. Eftirlitsaðilar ræddu við þá sex ráðgjafa sem voru starfandi í október og nóvember 2025. Ráðgjafar skipta málum á milli sín á grundvelli hverfisskipulags í Reykjanesbæ og er viðtöl fóru fram var hver ráðgjafi með á bilinu 28-40 mál í vinnslu. Allir ráðgjafar höfðu til vinnslu einhver fóstur og/eða vistunarmál.

Samkvæmt upplýsingum frá barnaverndarþjónustunni hefur verið töluverð starfsmannavelta hjá þjónustunni á síðustu árum. Núverandi teymisstjóri barnaverndarþjónustunnar hefur starfað hjá barnaverndarþjónustunni frá því í byrjun árs 2017. Tók viðkomandi við sem teymisstjóri í mars/apríl 2023 en hafði þó áður starfað sem teymisstjóri í um sex mánuði árið 2020. Hvað ráðgjafana varðar er þess að geta að einn ráðgjafinn hóf störf árið 2020, en á tímabilinu var viðkomandi í hléi frá störfum í um eitt og hálf ár. Þrír hófu störf árið 2022, einn árið 2023 og einn árið 2025. Nokkrir ráðgjafanna hafa farið í fæðingarorlof frá því þeir hófu störf.

Forsvarsmenn þjónustunnar telja þörf á að bæta við fleiri stöðugildum enda sýni málavogin að hver og einn ráðgjafi sinni of mörgum málum í dag. Ráðgjafar voru allir sammála um að álag á hvern og einn væri of mikið en sögðu einnig að álagið væri mjög sveiflukennt, þ.e. það væri alltaf mikið en svo komi tímabil þar sem álagið sé enn meira. Einn ráðgjafinn nefndi að það væri engin regla um hámarksfjölda mála á hvern ráðgjafa og það væri í raun ekki mikið hugsað út í það fyrir en ráðgjafi færi í algjört þrot og grátbiði um aðstoð. Þá kom fram að þar sem ráðgjafar væru með yfirdrífinn fjölda mála en mættu ekki vinna yfirvinnu þá kæmi það ítrekað fyrir að einhver vinnsla þyrfti að sitja á hakanum.

Starfsmenn barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar eru um þessar mundir í bráðabirgðahúsnæði þar sem verið er að gera upp framtíðarhúsnæði þjónustunnar. Í bráðabirgðahúsnæðinu eru ráðgjafar allir saman í rými ásamt teymisstjóra og sviðsstjóra velferðarsviðs. Voru langflestir ráðgjafar sammála um að eldra fyrirkomulag, þar sem þeir voru færri saman á skrifstofu, hefði verið hentugra og heppilegra. Upplifðu ráðgjafar að í núverandi fyrirkomulagi væri mikið áreiti og erfiðara að taka t.d. símtöl og samtöl innan teymisins, enda vildu þeir ekki valda truflun. Fram kom að auðveldara hefði verið að spegla mál þegar færri deildu skrifstofu.

Ráðgjafar voru sammála um að starfsandi væri góður. Þeir voru sammála um að eiga auðvelt með að leita hver til annars þegar á þyrfti að halda, þeir væru duglegir að spegla málin sín á milli og það væri öryggi fólgið í því. Einhverjir ráðgjafanna nefndu að þeir byrjuðu á að ræða málin sín á milli en ef það gengi ekki þá leituðu þeir til teymisstjóra, þeir reyndu almennt að „trufla“ teymisstjóra ekki með allt sem kæmi upp. Almennt töldu ráðgjafarnir teymisstjóra þó mjög aðgengilegan. Þá liggur fyrir að starfsfólk barnaverndarþjónustunnar getur leitað til lögmans eftir ráðleggingum eftir atvikum, ýmist bæjarlögmanns eða lögmans sem starfar fyrir þjónustuna í verktöku. Fæstir ráðgjafanna höfðu þó gert það.

Viðtöl við ráðgjafa leiddu í ljós ólíkan skilning ráðgjafa á því hvort unnt væri að leita aðstoðar annarra starfsmanna og/eða yfirmanna ef þeir þörfuðust hennar á bakvakt. Einn ráðgjafi sagði t.a.m. að það væri engin eiginleg bakvakt en það hefði alltaf verið þannig að það mætti hringja í teymisstjóra ef á þyrfti að halda á bakvakt. Annar ráðgjafi sagðist ekki upplifa það þannig að hann gæti leitað neitt ef hann þyrfti aðstoð á bakvakt. Viðkomandi hefði áður hringt þegar upp hefðu komið vafaatriði en það ekki gengið.

Af viðtölum við ráðgjafa virðist sem að almennt hafi það ekki verið þannig að nýtt starfsfólk fylgdi ákveðnum aðila fyrstu dagana í starfi, það væri frekar þannig að unnt væri að leita til allra eftir þörfum. Fram kom að gæðahandbók er til staðar en einhverjir ráðgjafar nefndu að hún nýttist kannski ekki nægilega vel til þess að kynna sér hvernig vinna ætti mál frá upphafi til enda. Þá nefndi einn ráðgjafinn að nýtt starfsfólk lærði meira á því að fylgjast með og ræða við samstarfsfólk heldur en að lesa skriflegar lýsingar gæðahandbókarinnar.

### 3. Skráning gagna og varðveisla upplýsinga

Í barnaverndarlögum kemur fram skýr krafa um skráningar upplýsinga og varðveislu gagna við vinnslu barnaverndarmála. Í 39. gr. bvl. kemur fram að barnaverndarþjónustu sé skylt að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt. Í 42. gr. laganna kemur fram að barnaverndarþjónustu ber að skrá upplýsingar um málsatvik sem henni eru veittar munnlega ef hún telur þær geta haft þýðingu fyrir úrlausn máls og þær ekki að finna í öðrum gögnum málsins. Í þessu felst að barnaverndarþjónustu ber að skrá vandlega niður öll málsatvik í hverju einstöku máli, allt frá því að tilkynning berst og þar til máli er lokað. Þá þarf einnig að vera tryggt að allar ákvarðanir séu skráðar og rökstuddar, hvort heldur ákvörðunin felur í sér að aðhafast eitthvað eða ekki, og byggja á upplýsingum sem liggja fyrir.<sup>2</sup> Þannig á að vera unnt að rekja feril máls á tæmandi hátt.<sup>3</sup> Fullnægjandi skráning er forsenda þess að unnt sé að skoða allan feril barnaverndarmáls og tryggja að málsmeðferð sé í samræmi við lög og reglugerðarákvæði. Vönduð skráning er þannig forsenda þess að GEV geti ræktað lögbundið eftirlitshlutverk sitt.

#### **Almennt**

Við yfirferð þeirra gagna sem send voru GEV vegna athugunarinnar kom bersýnilega í ljós að töluverður misbrestur hefur verið á fullnægjandi skráningu upplýsinga og gagna hjá barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar.

Í fyrstu ber að nefna að nokkuð var um að skjöl væru ódagsett eða bersýnilega með röngum dagsetningum. Þá kom það einnig fyrir að vísað væri til annars barns í samningum og skjölum en gögnin áttu við um og að vísað væri í rangar lagagreinar. Þá var nokkuð um óundirrituð skjöl og gögn og í þeim tilvikum var ekki unnt að líta svo á að um gild skjöl væri að ræða.

Í mörgum tilvikum var ljóst að töluvert skorti á skráningu upplýsinga í dagála og/eða bókanir meðferðarfunda. Í nokkrum málanna liðu mánuðir og jafnvel ár á milli dagála og bókana meðferðarfunda. Dagálar voru gjarnan óskýrir og oft t.a.m. ekki unnt að átta sig á hvaðan upplýsingar kæmu eða hvernig þeirra hefði verið aflað, þ.e. með símtali, tölvupósti eða viðtali t.d.

Þá kom það ítrekað fyrir að dagálar eða gögn báru með sér að eitthvað hefði verið gert en samsvarandi gögn voru ekki að finna í málunum. Í þessu sambandi má t.a.m. nefna að í nokkrum tilvikum var skráð í dagál að foreldri hefði mætt til viðtals og samþykkt áframhaldandi vistun án þess að undirritað samþykki lægi fyrir í gögnum málsins. Því er með öllu óljóst hvort samþykki hafi sannanlega legið fyrir og hvort þau hafi verið gerð og

<sup>2</sup> Barnaverndarstofa: *Handbók um vinnslu barnaverndarmála*, bls. 18-19.

<sup>3</sup> Barnaverndarstofa: Staðlar fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda, 2011, meginregla nr. 9, bls. 11.

vottuð í samræmi við 48. gr. bvl. Annað dæmi er mál þar sem fram kom í dagál að sótt hefði verið um áframhaldandi styrkt fóstur en enga slíka umsókn var að finna í gögnum málsins. Í a.m.k. tveimur málum er í greinargerðum, sem lagðar voru fyrir barnaverndarnefnd, vísað í skýrslu talsmanna en í gögnum málanna var enga slíka skýrslu að finna. Þá var nokkuð um það að í málunum væru að finna tilkynningar til Barnaverndarstofu (BVS) eða Barna- og fjölskyldustofu (BOFS) um gerð fóstursamnings en engan samsvarandi fóstursamning að finna í málunum. Þá mátti sjá dæmi um að upplýsingar í greinargerðum fyrir barnaverndarnefnd eða umdæmisráð barnaverndar vísuðu í bókanir meðferðarfunda sem ekki voru að finna í gögnum málsins. Ekki liggur fyrir hver skýringin að baki þessu er, hvort skort hafi á að umrædd gögn hafi verið gerð, hvort skorti á skráningu í skjalakerfi eða hvort gleymst hafi að láta gögnin fylgja með til GEV. Í öllu falli geta eftirlitsaðilar ekki verið vissir um að gögn hafi verið útbúin í samræmi við lög og reglur nema þau séu að finna í gögnum málsins.

Þessu tengt þá vantaði í sumum tilvikum dagála fyrir heilu árin inn á milli á tíma fósturs. Þar að auki kom það ítrekað fyrir að bókað hefði verið um að aðhafast ætti eitthvað en svo voru engar frekari upplýsingar að finna um hvort það hafi verið gert. Óljóst er hvort það stafi af skorti á skráningu, ekki hafi verið farið í umræddar aðgerðir eða hvort gleymst hafi að senda gögnin til GEV.

GEV hefur þegar gert athugasemd við skráningu gagna og upplýsinga við vinnslu máls hjá barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar í álit kvörtunarmáls sem stofnunin gaf út í apríl árið 2022. Kvörtun sú sem lá til grundvallar þess álits varðaði málsmeðferð barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar í máli barns í varanlegu fósturi. Við vinnslu kvörtunarinnar óskaði GEV eftir öllum gögnum málsins. Allt að einu voru í framlögðum gögnum hvorki að finna fóstursamning né umgengnisákvæðanir. Þá skorti einnig á skráningu á samskiptum við fósturforeldra, t.a.m. hvernig og hvenær þau hefðu verið upplýst um breytingu á umgengni og sálfræðiþjónustu en í málinu héldu fósturforeldrar því fram að þau hefðu ekki verið upplýst á fullnægjandi hátt. Var það niðurstaða GEV í umræddu álit að skráning gagna og upplýsinga við vinnslu málsins hefði ekki verið í samræmi við 39. gr. og 42. gr. bvl.

### ***Skortur á dagnótum, bókunum meðferðarfunda og rökstuðningi***

Bókanir meðferðarfunda barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar yfir tímabilið sem athugunin nær til bera með sér að ekki hafi í öllum tilvikum verið gætt nægilega að skráningu upplýsinga og rökstuðningi ákvæðana í samræmi við ákvæði 39. gr. bvl. Í nokkrum tilvikum er ekki unnt að sjá á skýran hátt hvaða ákvæðanir barnaverndarþjónustan hefur tekið á meðferðarfundum eða hver rökstuðningur ákvörðunar hafi verið.

Í einu málinu, þar sem um var að ræða styrkt fóstur, vantaði t.a.m. allar upplýsingar um hvernig sú ákvörðun hafi verið tekin, þ.e. að barninu yrði ráðstafað í styrkt fóstur. Bendir GEV á að rétt hefði verið að gæta vel að skráningum þar um.

Þá liggur fyrir dagáll í einu málanna um að fósturforeldrum hafi verið tilkynnt um tilkynningu frá leikskóla og að ekki væri búið að ákveða hvort barn yrði vistað hjá þeim áfram. Umrædd tilkynning frá leikskóla var ekki á meðal gagna málsins. Þá virðist af gögnum málsins að í framhaldinu hafi verið ákveðið að leita að nýju fósturheimili fyrir barnið. Í framlögðum gögnum er ekki að finna neina bókun eða rökstuðning fyrir þeirri ákvörðun. Fyrir liggur að leit að nýju fósturheimili bar ekki árangur og síðari bókun segir að fyrri ákvörðun, um að finna nýtt fósturheimili, yrði endurskoðuð. Ljóst er að í málinu vantar töluvert upp á skráningu upplýsinga og rökstuðning.

Í einu málanna var að finna dagál þar sem fram kemur að barnsmóðir föður barns, móðir hálf systkina þess, hafi hringt í barnaverndarþjónustuna og spurt hvort hún gæti tekið barnið í fóstur en það hafði skömmu áður verið vistað utan heimilis. Fram kemur að henni hafi verið tjáð að það væri ólíklegt. Ekki er að finna neinar aðrar skráningar um þessa beiðni eða að þetta hafi verið skoðað sérstaklega. Að mati GEV hefði verið eðlilegt að skoða hvort barnið gæti alist upp með systkinum sínum. Ef niðurstaða barnaverndarþjónustunnar hefur verið að það væri barninu fyrir bestu að vera vistað annars staðar hefði verið rétt að skrá að mat hefði farið fram sem og þær ástæður sem lágu til grundvallar niðurstöðu.

Í einu málanna sem skoðað var voru engin gögn eða dagnótur að finna eftir apríl 2019. Eftirlitsaðilar vita þó fyrir víst að eftir þann tíma urðu ýmsar breytingar í máli umrædds barns, t.a.m. breyting á umgengni og fósturrof árið 2020. Þær upplýsingar liggja fyrir vegna kvörtunarmáls sem stofnunin hafði til meðferðar á sínum tíma. Ekki liggja fyrir skýringar á því hvers vegna ekkert liggur fyrir um mál barnsins eftir apríl 2019.

Þá má nefna að í einu málanna var ekki að finna dagála eða bókanir meðferðarfunda fyrr en einu og hálfu ári eftir að barn var vistað utan heimilis. Í einni af fyrstu bókunum meðferðarfunda í málinu kemur fram að borist hefði bréf frá Barnaverndarstofu (BVS) þar sem fram kæmi ýmis gagnrýni á vinnslu málsins. Bréf BVS er ekki á meðal gagna málsins og engar frekari upplýsingar eru að finna í málinu um að hverju gagnrýni BVS snéri. Samkvæmt gögnum málsins lá í upphafi fyrir samþykki foreldris fyrir vistun og síðar úrskurður barnaverndarnefndar en hvorugt er að finna í þeim gögnum sem send voru GEV.

Í einu málanna liggja fyrir dagálar varðandi umgengni við barn en umgengni fór fram undir eftirliti. Sjá má að í dagálum er skráning með ágætum framan af og virðist umgengni hafa verið nokkuð regluleg. Þegar kórónaveirufaraldurinn gekk yfir varð umgengni óregluleg, sem verður að teljast skiljanlegt í ljósi aðstæðna, en eftir árið 2020 voru skráningar um umgengni afar óreglulegar. Árið 2023 er t.a.m. bara að finna eina skráningu varðandi eftirlit með umgengni. Óljóst er af gögnum málsins hvort skort hafi á skráningu eða hvort umgengni hafi ekki farið fram jafn reglulega eftir árið 2020. Í öllu falli liggja ekki fyrir skýringar í gögnum málsins.

### **Skortur á upplýsingum um vistunaraðila**

Ítrekað var ljóst af gögnum mála að börn hefðu verið vistuð á nánar ótilgreindum stöðum í upphafi en síðar komið fyrir á nýjum stað, ýmist í bráðavistun eða fóstri. Töluvert skorti á að skráðar væru upplýsingar um upphafsvistanir í slíkum tilvikum, ekki liggja fyrir leyfi eða samningar við umrædda aðila og yfirleitt ekki nöfn þeirra heldur.

Í a.m.k. þremur málum var ljóst af gögnum að barni hafði verið komið fyrir annars staðar um tiltekin tíma á fóstur/vistunartíma en engar nánari upplýsingar voru að finna um þær ráðstafanir.

Dæmi var um sambærilegan skort á skráningu í kjölfar fósturrofs, þ.e. ekki fékkst séð af gögnum málsins hvar barn væri vistað í kjölfar fósturrofs og óljóst hvenær viðkomandi fór á nýtt fósturheimili í framhaldinu. Í því tilviki mátti ráða af lestri dagála að barnið hafði endað í tilteknu sveitarfélagi hjá fósturforeldrum sem vísað var til ýmist með gælunöfnum eða fornöfnum. Enginn fóstursamningur lá fyrir í málinu, leyfisbréf né heldur aðrar upplýsingar sem höfðu að geyma upplýsingar um vistunina.

Ljóst er að barnaverndarþjónustan hefur ekki haldið utan um leyfi vistunaraðila eða fósturforeldra í gögnum sínum. Var það staðfest í viðtölum við starfsfólk. Sjá nánar um þetta í köflum 7.1 og 8.1 hér á eftir.

### **Röng skráning og glötuð gögn**

Í einu málanna var að finna eftirfarandi dagál: „Mál er búið að vera fósturmál í 12 mánuði en ekki skráð sem svo. Nýtt fósturmál stofnað frá og með deginum í dag.“ Ekki liggur ljóst fyrir hvort, og þá hvaða, þýðingu það hefur haft að málið hafði ekki verið skráð sem fósturmál í umræddu tilviki en í öllu falli virðist sem skráning hafi, að mati barnaverndarþjónustunnar, verið röng í töluverðan tíma. Eftirlitsaðilar telja þó rétt að benda á að barnið í umræddu máli er ekki í fóstri heldur vistað á grundvelli 84. gr. bvl. Er því í raun ekki rétt að tala um að málið sé fósturmál.

Í tveimur málum kemur fram berum orðum að tiltekin gögn hafi týnst og/eða finnst ekki. Í öðru þeirra kemur fram í bókun meðferðarfundar að fyrri bókun hafi týnst og því sé málið lagt fyrir aftur og bókað að nýju. Í hinu málinu hafði barnaverndarþjónustan sótt um styrkt fóstur til BOFS árið 2023. Af gögnum málsins er ljóst að þegar BOFS kallaði eftir nauðsynlegum fylgigögnum fann starfsmaður barnaverndarþjónustunnar ekki umbeðin gögn. Gögnin sem vantaði á þeim tíma, áætlanir skv. 23. og 33. gr. bvl. voru ekki á meðal gagna sem afhent voru GEV. Ekki liggur fyrir hvort gögnin hafi aldrei verið útbúin eða hvort þau hafi týnst. Um þremur mánuðum síðar var bókað á meðferðarfundi að meðlagsgreiðslur yrðu hækkaðar til fósturforeldra vegna vinnutaps. Fyrir liggur beiðni um fósturheimili til BOFS dagsett ári síðar þar sem kemur fram að sótt sé um greiðslur vegna sérstakrar umönnunar og þjálfunar á fósturheimili skv. 4. mgr. 65. gr. og 88. gr. bvl. Sú beiðni er hins vegar óundirrituð og því óljóst hvort umrædd beiðni hafi verið send BOFS.

Engar frekari upplýsingar liggja fyrir um að unnið hafi verið að styrktu fóstri í umræddu máli.

Á fundi eftirlitsaðila með stjórnendum við upphaf athugunar, í mars 2025, kom fram að stundum vinni ráðgjafar gögn á sínu heimasvæði í tölvunni en færðu þau svo inn í skjalavistunarkerfi þjónustunnar síðar. Benda eftirlitsaðilar á að slíkt vinnulag getur leitt til þess að gögn glatist.

### **Gögn systkina**

Þá var það gegnumgangandi að svo virtist sem ekki væri nægilega vel gætt að því að gögn systkina væru vistuð á fullnægjandi hátt. Þannig kom það margítrekað upp að gögn sem áttu einungis við um systkini A væru að finna í gögnum um systkini B. Sem dæmi voru t.a.m. í einu tilviki ítarlegar upplýsingar frá fósturforeldrum systkinis A að finna í gögnum systkinis B sem vistað var annars staðar. Það kom jafnvel fyrir að gögn um A væru einungis að finna í gögnum um B en voru ekki á meðal gagna í máli A. Þá voru gögn, sem áttu eftir atvikum við um bæði A og B, stundum einungis að finna í öðru hvoru málinu en ekki báðum. Verður að telja framangreint afar varhugavert í ljósi persónuverndarsjónarmiða. Þá er til þess að líta að hver og einn einstaklingur á að geta óskað eftir upplýsingum um sitt mál hjá barnaverndaryfirvöldum og þá er grundvallarforsenda að allar upplýsingar um viðkomandi barn séu að finna í máli þess en ekki einungis skráð í mál hjá systkini þess. Ennfremur er mikilvægt að upplýsingar um systkini séu ekki veittar með gögnum þess einstaklings sem hefur óskað eftir gögnum í sínu máli. Einn ráðgjafanna nefndi í viðtali að áður hafi gögn systkina verið vistuð saman í einu máli en þá hafi farið gífurleg vinna í að greina hvað mætti afhenda hverju sinni í ljósi persónuverndarsjónarmiða. Sagði ráðgjafinn að í dag væru gögn systkina vistuð í síthvoru málinu og gætt væri að því að allar upplýsingar sem ættu við um fleiri en eitt barna væru þá afritaðar í viðeigandi mál. Eftirlitsaðilar gátu þó ekki séð að skýr greinarmunur væri á eldri og nýrri málum í þessu sambandi, þ.e. sjá mátti framanrakinn ágalla í nýlegum málum sem og eldri málum.

### **Niðurstaða**

Telur GEV ljóst af ofangreindu að töluverður misbrestur hafi átt sér stað hjá barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar hvað varðar skráningu upplýsinga og varðveislu gagna, sbr. 39. og 42. gr. bvl. Skortur og/eða misbrestur á skráningu leiðir óhjákvæmilega til þess að vinnsla mála verður ómarkviss og að ekki verður hægt að álykta að fullu hvort málavinnsla sé í samræmi við það sem fram kemur í barnaverndarlögum.

GEV ítrekar að ein helsta forsenda þess að GEV geti sinnt lögbundnu eftirlitshlutverki sínu er vönduð skráning og varðveisla gagna.

Þeim **tilmælum** er beint til barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar að endurskoða verkferla sína er kemur að skráningu upplýsinga og ganga. Tryggja skal að farið sé að ákvæðum 39. og 42. gr. bvl. við skráningar barnaverndarmála og að öll gögn og upplýsingar séu skráð um hvert og eitt barnaverndarmál með tilætluðum hætti.

## 4. Meginreglur varðandi vistun barns eða fóstur

Í 4. gr. bvl. eru að finna lögfestar meginreglur sem eiga við um alla starfsemi barnaverndaryfirvalda. Fullt tilefni er til að reifa þær hér stuttlega í ljósi umfjöllunarefnis þessarar skýrslu.

Í 1. mgr. 4. gr. bvl. kemur fram að barnaverndaryfirvöldum sé skylt að beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að séu barni fyrir bestu, hagsmunir barna skulu þannig ávallt hafðir í fyrirrúmi í allri starfsemi barnaverndaryfirvalda. Þá skal barnaverndarstarf stuðla að stöðugleika í uppveksti barna, sbr. 3. mgr og barnaverndaryfirvöldum er skylt að leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra sem þau hafa afskipti af og skulu ávallt sýna þeim fyllstu nærgætni og virðingu, sbr. 4. mgr. Skylt er að gæta samræmis og jafnræðis í öllum störfum og ákvörðunum, sbr. 6. mgr., og þá er að finna lögfesta meðalhófsreglu í 7. mgr. Þannig skulu barnaverndaryfirvöld eftir föngum gæta þess að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið er til annarra úrræða. Ávallt skal miða við að beita vægustu ráðstöfunum til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt og því skal aðeins beita íþyngjandi ráðstöfunum ef lögmætum markmiðum verður ekki náð með öðru og vægara móti.

Í samræmi við framangreindar meginreglur skal markmið barnaverndaryfirvalda með vistun eða fóstur barns vera það eitt að tryggja með sem bestum hætti hagsmuni barns, sem um lengri eða skemmri tíma á þess ekki kost að alast upp hjá foreldrum sínum. Allar ákvarðanir um vistun eða fóstur barns eiga að grundvallast á því sem ætla má að sé barninu fyrir bestu og barnaverndarþjónustunni er skylt að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin, sbr. 1. mgr. 41. gr. bvl. Í samræmi við framanrakta meðalhófsreglu skal aldrei vista barn eða koma því í fóstur nema nauðsyn beri til og önnur úrræði sem tryggt geta hagsmuni barnsins hafi verið fullreynd. Þá skal tímabundin vistun eða fóstur ekki vara lengur en nauðsyn ber til, sbr. 2. mgr. 25. gr. bvl., og barnaverndaryfirvöldum ber þannig að endurskoða þær aðgerðir reglulega. Barnaverndaryfirvöldum ber einnig að tryggja að allar nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að barn geti sem fyrst sameinast foreldrum sínum að nýju. Barnaverndaryfirvöldum er skylt að leitast við að eiga sem víðtækast samráð og samvinnu við foreldra og aðstandendur eftir atvikum þegar kemur að vistun barns eða fóstur.<sup>4</sup>

Það skal tekið fram að athugun sú sem hér er til umfjöllunar tók ekki til vinnslu barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar fram að vistun og/eða ákvörðun um fóstur heldur sneri einkum að vinnslu máls eftir að ákvörðun um vistun og/eða fóstur hafði verið tekin. Í þessari skýrslu er því ekki lagt mat á hvort rétt hafi verið að vista barn utan heimilis eða

<sup>4</sup> Barnaverndarstofa: Staðlar fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda, 2011, meginregla nr. 8, bls. 11

ekki. Engu að síður telur stofnunin tilefni til að benda á að óskað var eftir gögnum m.a. um grundvöll ráðstöfunar. Við yfirferð framlagðra gagna var að mati eftirlitsaðila í nokkrum tilvikum erfitt að átta sig á ástæðum þess að tekin hefði verið ákvörðun um vistun utan heimilis, þ.e. nokkuð virðist hafa skort á að ákvörðun væri skráð á rökstuddan hátt, t.a.m. á meðferðarfundum.

## 4.1. Réttindi barns við málsmeðferð

Til viðbótar því sem að framan er rakið er mikilvægt að víkja sérstaklega að réttindum barna þegar kemur að málsmeðferð barnaverndaryfirvalda. Í 2. mgr. 4. gr. bvl. er lögfest sú meginregla að barn eigi rétt til þátttöku í málum er það varða á grundvelli barnaverndarlaga. Skylt er skv. ákvæðinu að veita barni upplýsingar um mál þess á barnvænan hátt og að því marki sem aldur þess og þroski gefur tilefni til. Þá er skylt að tryggja rétt barns, sem getur myndað sér eigin skoðanir, að láta þær í ljós við meðferð máls. Þannig er skylt að taka réttmætt tillit til skoðana barns í samræmi við aldur þess og þroska þegar teknar eru ákvarðanir á grundvelli barnaverndarlaga. Framangreint kemur einnig fram í 2. mgr. 12. gr. Barnasáttmálans en þar er fjallað um rétt barns til að tjá sig við málsmeðferð sem það varðar, annað hvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar.

Í samræmi við framangreint er barnaverndaryfirvöldum skylt að tryggja að sjónarmið barnsins sjálfs varðandi öll atriði vistunar eða fósturs komi fram og að tekið sé tillit til þeirra eftir því sem unnt er. Þá er skylt að taka tillit til aldurs og þroskastigs barns sem í hlut á í öllum ákvörðunum um vistun eða fóstur.<sup>5</sup>

### 4.1.1. Skipun talsmanns

Hlutverk talsmanns er að ræða við barn og koma á framfæri sjónarmiðum þess, sbr. 31. gr. reglugerðar um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd, nr. 56/2004. Barnaverndarþjónusta velur talsmann sem best er til þess fallinn að þjóna hagsmunum barns í hverju máli sem um ræðir. Ekki er gerð krafa um sérstaka menntun talsmanns en leitast skal við að velja þann sem hefur sérþekkingu á málefnum barna og ber skyn á þau mál sem barnaverndaryfirvöld fjalla um. Ekki er heimilt að skipa sem talsmann einstakling sem hefur hagsmuni af úrlausn barnaverndarmáls eða hefur sterk tengsl við einhvern sem hefur slíka hagsmuni, sbr. 1. mgr. 30. gr. reglugerðar nr. 56/2004.

Samkvæmt 3. mgr. 46. gr. bvl. og 15. gr. reglugerðar nr. 56/2004 ber barnaverndarþjónustu að taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls. Samkvæmt framangreindu er ekki skylt að skipa barni talsmann þegar slík ákvörðun er tekin en taka þarf ákvörðun um hvort það skuli gert. Í 2. málslíð 3. mgr. 46. gr. bvl. segir hins vegar að það skuli *að jafnaði* gert áður en gripið er til ráðstafana skv. 25., 27. og 28. gr. laganna og einnig áður en sett

<sup>5</sup> Barnaverndarstofa: Staðlar fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda, 2011, meginregla nr. 6 og 7, bls. 11

er fram krafa um sviptingu forsjár skv. 29. gr. bvl. Ljóst er af orðalagi ákvæðisins að ekki er um að ræða fortakslausa skyldu til skipunar talsmanns í áðurnefndum tilvikum en samkvæmt orðanna hljóðan ætti það að vera meginreglan.

Af framlögðum gögnum barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar virðist sem svo að meginreglan sé ekki sú að börnum sé skipaður talsmaður áður en gripið er til ráðstafana skv. 25., 27., 28. og 29. gr. bvl. Sjá má að algengara hefur verið að börnum hafi verið skipaður talsmaður þegar kemur að ákvörðunum um umgengni án þess þó að það hafi verið gert í öllum tilvikum. Í einu málinu var tvívegis bókað um það á meðferðarfundum að skipa ætti barni talsmann vegna umgengnisákvæðana en samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum virðist það hins vegar ekki hafa verið gert án þess að frekari skýringar séu á því.

Í einu málanna kemur fram í bókun barnaverndarnefndar að starfsmaður leggi til að umgengni við foreldri, sem ákveðin hafði verið skv. úrskurði tvisvar á ári, yrði frestað um eitt ár þar sem umgengni væri talin andstæð hagsmunum barnsins. Í bókuninni kemur ekkert nánar fram um ástæður en af gögnum málsins má þó ráða hverjar ástæðurnar að baki voru. Fram kemur að foreldrið samþykkti þetta. Í málinu kemur ekkert fram um vilja barnsins sem þá var 7 ára. Barnið virðist ekki hafa fengið talsmann og engar skráningar liggja fyrir um að þetta hafi verið rætt við barnið.

Þeim **tilmælum** er beint til barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar að tryggja rétt barna til að tjá sig við meðferð máls í samræmi við 2. gr. 4. gr. bvl, sbr. einnig 2. mgr. 46. gr. bvl., sbr. einnig 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í þessu sambandi er sérstaklega vísað til ákvæða um aðstoð talsmanns, sbr. 3. mgr. 46. gr. bvl.

Þá er tilefni til að ítreka þau tilmæli sem áður hafa komið fram í kafla 3 hér að framan varðandi skráningu ákvæðana. Gæta skal að því að skrá rökstuddar ákvæðanir um skipun talsmanna á fullnægjandi hátt í samræmi við 39. og 42. gr. bvl.

#### 4.1.2. 15 ára aðili máls

Barn sem náð hefur 15 ára aldri er aðili barnaverndarmáls skv. ákvæðum 25. gr., 27. gr., 2. mgr. 34. gr., 74. gr. og 81. gr. bvl., sbr. 1. mgr. 46. gr. bvl. Þannig þarf samþykki barns sem orðið er 15 ára að liggja fyrir ef vista á viðkomandi eða ráðstafa því í fóstur skv. 25. gr. bvl. Samþykki barnið ekki slíka ráðstöfun verður að leita til umdæmisráðs barnaverndar í samræmi við 27. gr. bvl. Þá getur barn sem náð hefur 15 ára aldri gert kröfu á hendur barnaverndarþjónustu, foreldri sem fer með forsjá skv. 67. gr. a. eða 67. gr. b og fósturforeldrum, ef það á við, fyrir dómi um að samningi á grundvelli 25. gr. bvl. verði hnekktt eða dómi um sviptingu skv. 29. gr. bvl. verði breytt og að foreldri verði falin forsjá eða umsjá barns að nýju, sbr. 2. mgr. 34. gr. bvl. Að lokum er rétt að nefna að barn sem orðið er 15 ára getur sjálf gert kröfu um umgengni skv. 74. gr., sbr. einnig 81. gr. bvl. Barn sem orðið er 15 ára ætti því sjálf að skrifa undir þá umgengnissamninga sem gerðir eru.

Ljóst er af framlögðum gögnum að ákveðinn misbrestur hefur orðið að því er varðar aðild barna sem náð hafa 15 ára aldri hjá barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar.

Í einu málanna liggur fyrir dagáll þar sem fram kemur að samþykki fyrir vistun hafi verið sent á fósturforeldra og þau beðin um að afla undirritunar barns og senda skjalið svo til baka. Ekkert kemur fram í málinu um að undirritun hafi borist. Telur GEV tilefni til að gera athugasemd við framangreinda vinnslu málsins. Barnaverndarþjónustunni bar sjálfri að afla samþykkis barnsins og gera viðkomandi grein fyrir eðli og réttaráhrifum samþykkisins í samræmi við 48. gr. bvl.

Þá var dæmi um að samþykki barns, 15 ára og eldra, fyrir vistun utan heimilis hafi verið undirritað af móður en ekki barninu sjálfu.

Líkt og segir í 2. mgr. 25. gr. bvl. getur barnaverndarþjónusta ákveðið, með samþykki ungmennis, að ráðstöfun haldist eftir að það verði 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Eitt slíkt mál hefur verið til vinnslu hjá barnaverndarþjónustunni á þeim tíma sem til skoðunar er í úttekt þessari en vistun var tvívegis framlengd eftir að barnið náði 18 ára aldri. Í því máli virðist ungmennið ekki hafa verið látið skrifa undir samþykki fyrir vistun eftir 18 ára. Slík gögn eru í það minnsta ekki að finna í framlögðum gögnum málsins.

Þeim **tilmælum** er beint til barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar að endurskoða verkferla sína er kemur að vinnslu mála þar sem barn hefur náð 15 ára aldri í samræmi við 1. mgr. 46. gr. bvl. Tryggja þarf að barn sem orðið er 15 ára skrifi sjálft undir nauðsynleg gögn þegar það á við og að barnaverndarþjónustan geri viðkomandi grein fyrir eðli og réttaráhrifum samþykkisins í samræmi við 48. gr. bvl.

## 5. Grundvöllur vistunar

Líkt og að framan hefur verið rakið ber almennt ekki að ráðstafa barni til vistunar utan heimilis nema þegar aðrar og mildari stuðningsaðgerðir hafa ekki skilað tilætluðum árangri eða ef tryggja þarf öryggi barnsins, sbr. 7. mgr. 4. gr. bvl., sbr. einnig 12. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Til grundvallar vistunar, hvort heldur sem er vistun á grundvelli 84. gr. bvl. eða ráðstöfun barns í fóstur skv. 65. gr. bvl., verður að liggja lögformleg heimild, þ.e. annað hvort samþykki foreldra, og eftir atvikum barns sem náð hefur 15 ára aldri, sbr. 1. mgr. 25. gr. bvl. eða úrskurður umdæmisráðs barnaverndar<sup>6</sup>, sbr. 1. mgr. 27. gr. bvl. Ef barnaverndarþjónustan telur nauðsynlegt að ráðstöfun skv. 1. mgr. 27. gr. bvl. standi lengur en þar er kveðið á um, þ.e. fjóra mánuði, skal hún, að fengnum úrskurði umdæmisráðs barnaverndar, gera kröfu um það fyrir héraðsdómi. Heimilt er með úrskurði dómara að vista barn í allt að tólf mánuði í senn frá og með þeim degi þegar úrskurður dómara er kveðinn upp, sbr. 1. mgr. 28. gr. bvl. Þá er barnaverndarþjónustan, að fengnum úrskurði umdæmisráðs barnaverndar, heimilt að krefjast þess fyrir dómi að foreldrar, annar eða báðir, skuli sviptir forsjá á grundvelli 29. gr. bvl. ef skilyrði þeirrar greinar eru uppfyllt.

Það skal tekið fram að samþykki foreldra og barns skv. 1. mgr. 25. gr. bvl. verður að vera skriflegt og undirritað í viðurvist tveggja votta, sbr. 48. gr. bvl.

Foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri getur hvenær sem er afturkallað samþykki sitt fyrir tímabundnu úrræði skv. 25. gr. bvl. Barnaverndarþjónustan getur þá gripið til ráðstafana skv. 26., 27., 28. eða 29. gr. bvl. eftir atvikum, ef skilyrðum þeirra greina er að öðru leyti fullnægt, sbr. 1. mgr. 34. gr. bvl. Hafi foreldri eða barn, 15 ára eða eldri, veitt samþykki fyrir úrræði skv. 25. gr. bvl. sem ætlað er að vari þar til barn verður lögráða eða hafi foreldri verið svipt forsjá skv. 29. gr. bvl. getur foreldri, eða barn, gert kröfu fyrir dómi um að samningi verði hnekkt eða dómi um sviptingu breytt og að foreldri verði falin forsjá eða umsjá barns að nýju, sbr. 2. mgr. 34. gr. bvl. Slík krafa verður aðeins tekin til greina ef breyting þykir réttmæt vegna breyttra aðstæðna, raskar ekki stöðugleika í uppeldi barns og tekur mið af hag og þörfum þess. Ef foreldri hefur verið svipt forsjá er einungis unnt að gera slíka kröfu ef liðnir eru a.m.k. tólf mánuðir frá því að dómstóll leysti síðast úr máli með endanlegum dómi, sbr. 3. mgr. 34. gr. bvl.

Í 31. gr. bvl. er kveðið á um heimild til neyðarráðstöfunar. Þannig getur starfsfólk barnaverndarþjónustu framkvæmt tiltekna þvingunarráðstafanir án þess að viðhafa þurfi málsmeðferð skv. VIII. kafla bvl. líkt og alla jafna ber að gera. Þannig er heimilt að grípa umsvifalaust til ráðstöfunar skv. 31. gr. bvl. ef ljóst þykir að barni stafi hættu af því að fylgja hefðbundnum málsmeðferðarreglum. Neyðarráðstafanir hafa í flestum tilvikum að gera

<sup>6</sup> Áður barnaverndarnefnd.

með töku barns af heimili eða kyrrsetningu þess á stað sem það er en geta átt við um allar ráðstafanir barnaverndarþjónusta sem annars þyrfti að úrskurða um, s.s. að stöðva umgengni við barn í fóstri.<sup>7</sup> Sé neyðarráðstöfun beitt skal barnaverndarþjónusta taka málið til meðferðar án tafar. Frá því ákvörðun um neyðarráðstöfun er tekin hafa barnaverndaryfirvöld 14 daga til að taka ákvörðun eða kveða upp úrskurð, eftir atvikum með aðkomu umdæmisráðs barnaverndar, um áframhaldandi ráðstöfun. Annars fellur neyðarráðstöfun úr gildi, sbr. 2. mgr. 31. gr. bvl.

Við greiningu framlagðra gagna kom í ljós að ekki hefur í öllum tilvikum verið gætt nægilega að grundvelli vistunar sbr. framangreint.

Í einu þeirra mála sem skoðuð voru lá fyrir samþykki foreldris fyrir vistun barns í upphafi. Fyrir liggur að er tímabil samþykkis var að renna sitt skeið hafi ítrekað verið reynt að ná sambandi við foreldri en án árangurs. Fyrir liggur bókun meðferðarfundar um viku áður en samþykki fyrir vistun rann út þar sem samþykkt var að barnið yrði vistað í sex mánuði til viðbótar. Foreldri var greint frá ákvörðuninni í símtali um tveimur vikum eftir að samþykki rann út en fyrir liggur að foreldri var ekki samþykkt þeirri ákvörðun og viðkomandi var upplýst um að málið færi fyrir umdæmisráð barnaverndar. Samkvæmt upplýsingum sem fram komu á meðferðarfundi tæpum mánuði síðar hafði foreldri samþykkt munnlega áframhaldandi vistun í 6 mánuði en átti eftir að skrifa undir. Engar frekari upplýsingar liggja fyrir um meint samþykki. Fyrir liggur að fram fór fundur með foreldri ásamt lögmanni níu dögum eftir áður nefndan meðferðarfund en foreldri var hins vegar ekki látið skrifa undir samþykki fyrir vistun við það tilefni. Óljóst er hvers vegna. Samþykki fyrir vistun var sent rafrænt á foreldri tveimur vikum eftir áður nefndan fund með lögmanni. Foreldri skrifaði ekki undir svo samþykkt var á meðferðarfundi þremur dögum síðar að fara með málið fyrir umdæmisráð. Um þremur vikum síðar lá fyrir úrskurður umdæmisráðs. Fyrir liggur að allan þennan tíma, í um þjá mánuði, var barnið áfram hjá vistunaraðila. GEV telur sýnt að barnaverndarþjónustan hefði, í umræddu tilviki, verið í lófa lagið að beita neyðarráðstöfun skv. 31. gr. bvl. þegar samþykki rann sitt skeið og í framhaldinu hefði þjónustan átt að bera málið undir umdæmisráð barnaverndar í samræmi við 27. gr. bvl. ef ekki fékkst skriflegt samþykki foreldris. Gerir stofnunin alvarlega athugasemd við þann langa tíma sem barnið var vistað utan heimilis í umræddu tilviki án þess að fyrir lægi lögformleg heimild.

Svipuð staða var uppi í öðru máli sem skoðað var. Í því máli reyndist erfiðleikum bundið að ná á foreldri þegar samþykki var að renna sitt skeið. 17 dögum eftir að samþykki rann út var ákveðið á meðferðarfundi að reyna í síðasta sinn að ná á foreldri á heimili en annars yrði málið lagt fyrir barnaverndarnefnd. Fundi nefndarinnar var svo frestað um tæpan mánuð. Á fundi nefndarinnar kvaðst foreldri tilbúið að samþykkja áframhaldandi vistun en það var svo ekki fyrr en um rúmum sex vikum eftir fund nefndarinnar sem foreldri skrifaði undir samþykki. Í þessu tilviki var barn því vistað án þess að fullnægjandi

<sup>7</sup> Barnaverndarstofa: *Handbók um vinnslu barnaverndarmála*, bls. 58.

grundvöllur væri til staðar í rétt rúma fjóra mánuði. Barnaverndarþjónustunni hefði, líkt og í áður nefndu máli, verið í lófa lagið að beita neyðarráðstöfun skv. 31. gr. bvl. eftir að samþykki rann út á sínum tíma og fara með málið fyrir nefndina innan 14 daga í samræmi við ákvæðið.

Í einu máli sem tekið var til skoðunar lá fyrir úrskurður umdæmisráðs um vistun utan heimilis í tvo mánuði í samræmi við 27. gr. bvl. Áður en sá úrskurður rann út var fengin heimild hjá umdæmisráði barnaverndar til að gera kröfu um lengri vistun fyrir dómi í samræmi við 28. gr. bvl. Héraðsdómur úrskurðaði um vistun í 10 mánuði. Um tveimur vikum eftir að sá úrskurður rann út úrskurðaði umdæmisráð um heimild til að gera kröfu fyrir dómi að nýju. Bendir GEV á að afla hefði þurft þeirrar heimildar umdæmisráðs áður en úrskurður héraðsdóms rann út til þess að ráðstöfun héldi sér í samræmi við 2. mgr. 28. gr. bvl. Hefði barnaverndarþjónustan því þurft að leita fyrr til umdæmisráðs eftir slíkri heimild. Að því sögðu bendir GEV einnig á að ekki liggja fyrir gögn í málinu um hvort farið hafi verið með málið fyrir dóm að nýju eftir að umdæmisráð úrskurðaði um heimild til þess í lok janúar 2025. Fyrir liggur að barnið var áfram vistað utan heimilis eftir að úrskurður héraðsdóms rann út um miðjan janúar 2025 og ekki er að sjá af framlögðum gögnum að þeirri vistun hafi lokið á neinum tímamarki. Framangreint er ekki einsdæmi. Í öðru máli sem skoðað var mátti einnig sjá að úrskurður umdæmisráðs var fenginn of seint, þ.e. eftir að samþykkt vistun hafði runnið út.

Líkt og reifað var í kafla 3 hér að ofan kom ítrekað fyrir að skilja mætti af gögnum máls að fyrir hafi legið samþykki foreldra fyrir vistun á tilteknum tímabilum í samræmi við 25. gr. bvl. en slíkt samþykki hafi hins vegar ekki verið að finna á meðal framlagðra gagna málsins. Ekki er ljóst hvort framangreint skýrist af skorti á gerð slíks samþykkis, misbrestri í skráningum eða hvort aðrar skýringar liggja þar að baki. Í öllu falli er ljóst að misbrestur hefur orðið.

Þeim **tilmælum** er beint til barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar að tryggja að grundvöllur vistana sé í samræmi við lög. Gæta þarf að því að skriflegt og vottað samþykki liggja fyrir í gögnum málsins ef vistun grundvallast á samþykki skv. 25. gr. bvl. Þá er nauðsynlegt að grípa til aðgerða tímanlega ef á þarf að halda þegar fyrir liggur að grundvöllur vistunar er að renna sitt skeið.

Í þessu sambandi er þeim **tilmælum** beint til barnaverndarþjónustunnar að endurskoða sérstaklega verkferla sína er kemur að beitingu neyðarráðstafana skv. 31. gr. bvl. Sérstaklega bendir GEV á þau tilvik þegar erfiðlega gengur að ná í foreldra til að afla áframhaldandi samþykkis, sbr. það sem að framan hefur verið rakið.

## 6. Réttarstaða hins foreldris

Þegar foreldri afsalar sér umsjá eða forsjá barns skv. 25. gr. bvl., eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun utan heimilis skv. 27. eða 28. gr. bvl., eða forsjásvipting á sér stað skv. 29. gr., er mikilvægt að barnaverndarþjónustur gæti að réttarstöðu hins foreldrisins. Um þetta vísast til 67. gr. a., 67. gr. b. og 67. gr. c. bvl. eftir því hverjar aðstæður eru í hverju tilviki fyrir sig.

Þegar tekin er ákvörðun um að vista barn utan heimilis er barnaverndarþjónustunni *skylt* að kanna grundvöll þess að ráðstafa barni til hins foreldrisins, sem ekki fer með forsjá þess, sbr. 1. mgr. 67. gr. a. bvl. Sé talið barni fyrir bestu að það foreldri taki við umsjá þess gilda um það sömu reglur og um tímabundið fóstur eftir því sem við á, sbr. 2. mgr. 67. gr. a. bvl. Þá er barnaverndarþjónustu heimilt, ef hún telur hagsmuni barns best tryggða, að afsala forsjá þess til hins foreldrisins. Í þeim tilvikum metur barnaverndarþjónustan hæfni foreldrisins og gerir skriflegan samning um breytta forsjá, sbr. 3. mgr. 67. gr. a. bvl. Áður en barni er ráðstafað í fóstur er barnaverndarþjónustunni *ávallt skylt* að leita umsagnar þess foreldris sem ekki fer með forsjá barns. Þegar framlögð gögn barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar í umbeðnum málum eru skoðuð er ljóst að töluverður misbrestur hefur verið á því að framangreindum ákvæðum hafi verið fylgt á fullnægjandi hátt. Það var einungis í einu máli að finna upplýsingar um að leitað hafi verið eftir umsögn þess foreldris sem ekki fór með forsjá barns áður en því var ráðstafað í fóstur líkt og skylt er skv. 4. mgr. 67. gr. a. bvl. Það var hins vegar ekki gert áður en barni var ráðstafað í tímabundið fóstur heldur þegar kom til skoðunar að fara fram á varanlega fósturráðstöfun. Var það gert munnlega í viðtali og skráð í dagál og síðar greinargerð sem lögð var fyrir barnaverndarnefnd.

Í framlögðum gögnum voru hvergi að finna upplýsingar eða formlegar bókanir barnaverndarþjónustunnar um að grundvöllur til að ráðstafa barni til hins foreldrisins hefði verið kannaður í samræmi við 67. gr. a. bvl. Það skal þó tekið fram að í einu málanna kom fram í greinargerð fyrir umdæmisráð að ástæða þess að barnaverndarþjónustan hefði ekki leitað til hins foreldrisins varðandi vistun barns væri vegna neyslu viðkomandi en umrætt foreldri hefði ekki verið í samskiptum við forsjáforeldri á meðgöngu né eftir fæðingu. Hvergi voru upplýsingar um að barnaverndarþjónustan hefði sett sig í samband við umrætt foreldri milliliðalaust. Þá var í öðru máli að finna forsjárhæfnimat á því foreldri sem ekki fór með forsjá en hvergi að finna formlega niðurstöðu barnaverndarþjónustunnar hvað varðaði grundvöll til vistunar hjá viðkomandi.

GEV bendir á að um er að ræða skyldu barnaverndarþjónustunnar til að sjálfstætt kanna grundvöll þess að ráðstafa barninu til hins foreldrisins. Ekki dugar að taka við upplýsingum frá þriðja aðila, t.d. því foreldri sem hefur eftir atvikum afsalað sér umsjá eða úrskurður skv. 27., 28. eða 29. gr. bvl. beinist að. Í þessu sambandi ítrekar GEV einnig mikilvægi þess að skrá upplýsingar sem sýna fram á að barnaverndarþjónustan hafi sinnt skyldum sínum

skv. 67. gr. a. bvl, sbr. það sem áður hefur verið rakið í kafla 3 hér að framan. Bendir GEV á að barnaverndarþjónustunni væri í lófa lagið að bóka t.d. um niðurstöðu sína hvað varðar grundvöll þess að ráðstafa barni til hins foreldrisins á meðferðarfundum. Þá er einnig mikilvægt að skrá upplýsingar um að leitað hafi verið umsagnar þess foreldris sem ekki fer með forsjá barns í samræmi við 4. mgr. 67. gr. a. bvl.

Af viðtölum eftirlitsaðila GEV við starfsfólk virtist sem flestir ráðgjafar vissu af þessari skyldu en þó ekki allir.

Þeim **tilmælum** er beint til barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar að endurskoða verkferla sína er kemur að skyldum þjónustunnar skv. 67. gr. a. bvl. Á það bæði við um verkferla er kemur að því að kanna grundvöll þess að ráðstafa barni til hins foreldrisins sem og að leita umsagnar þess foreldris sem ekki fer með forsjá barns skv. 4. mgr. 67. gr. a. bvl.

GEV bendir á að ákvæðið leggja sjálfstæða skyldu á barnaverndarþjónustuna að kanna grundvöll þess að ráðstafa barni til hins foreldrisins og eftir atvikum leita umsagnar þess foreldris sem ekki fer með forsjá barns þegar ráðstafa á barni í fóstur. Þá ítrekar GEV mikilvægi þess að upplýsingar um framangreint séu skráðar á fullnægjandi hátt sbr. kafla 3 hér að framan. Bendir GEV á að barnaverndarþjónustunni væri í lófa lagið að bóka um niðurstöður sínar hvað varðar grundvöll til að ráðstafa barni til hins foreldrisins á meðferðarfundum barnaverndarþjónustunnar.

## 7. Áætlun um tryggja umsjá barns, sbr. 33. gr. bvl.

Ef ráðstöfun barnaverndarþjónustunnar felur í sér að barn er vistað utan heimilis er þjónustunni skylt að gera skriflega áætlun skv. 33. gr. bvl. um tryggja umsjá barnsins. Slík áætlun skal gerð hver svo sem grundvöllur vistunar er, þ.e. samþykki eða úrskurður umdæmisráðs/dómstóla. Í áætluninni á að koma fram hvers konar vistun er fyrirhuguð, hversu lengi, markmið með vistun, stuðning við barnið og aðra auk annars sem máli skiptir.

Af framlögðum gögnum þeirra mála sem GEV tók til skoðunar er ljóst að umtalsverður misbrestur er á því að barnaverndarjónusta Reykjanesbæjar gæti að því að í gildi sé áætlun skv. 33. gr. bvl. á meðan á vistun barns varir. Í nokkrum þeirra mála sem skoðuð voru var enga slíka áætlun að finna. Af gögnum annarra mála má sjá að ekki hefur verið gætt nægilega að því að gera nýjar áætlanir eftir að eldri áætlanir renna út. Þannig hafa myndast tímabil, allt frá nokkrum mánuðum uppundir fjölda ára, þar sem engin áætlun skv. 33. gr. bvl. hefur verið í gildi.

Af viðtölum við starfsfólk mátti ráða að ekki hefur verið lögð áhersla á að gæta að því að áætlanir skv. 33. gr. bvl. séu í gildi og/eða endurnýjaðar.

Þeim **tilmælum** er beint til barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar að endurskoða verkferla sína er kemur að gerð, og eftir atvikum endurnýjun, áætlaða um tryggja umsjá barns skv. 33. gr. bvl.

## 8. Vistun skv. 84. gr. bvl.

Líkt og segir í 1. mgr. 84. gr. bvl. er barnaverndarþjónustum skylt að hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila, sambýla eða á annan hátt. Annars vegar til að veita börnum móttöku, þ.m.t. í bráðatilvikum, til að tryggja öryggi þeirra, greina vanda eða til könnunar á aðstæðum þeirra, svo sem vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra. Hins vegar til að veita börnum móttöku vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna eða sérstakra þarfa barna, svo sem í kjölfar meðferðar. Barnaverndarþjónustur geta falið öðrum rekstur heimila skv. ofangreindu á grundvelli þjónustusamnings en einkaaðili verður að hafa rekstrarleyfi útgefið af GEV<sup>8</sup>, sbr. 2. mgr. 84. gr. bvl. Líkt og rakið var í inngangskaflanum hér að framan var ákveðið að afmarka athugun þessa með tilliti til 84. gr. bvl. við mál þar sem barnaverndarþjónustan hefur falið vistunaraðila að veita barni móttöku á einkaheimili.

Við yfirferð framlagðra gagna kom í ljós að barnaverndarþjónusta Reykjanesbæjar vísaði gjarnan til vistunaraðila sem fósturforeldra. Bendir GEV á að mikilvægt er að starfsmenn temji sér rétta orðnotkun. Skýr greinarmunur er á vistunaraðilum og fósturforeldrum, eðli og réttaráhrif vistunar á grundvelli 84. gr. bvl. og fósturs er ólíkt og leyfi þar að baki ekki þau sömu.

Þeim **tilmælum** er beint til barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar að skerpa á orðnotkun við skráningu mála. Mikilvægt er að nota rétt hugtök í hverju máli fyrir sig. Um þetta vísast sérstaklega til hugtakanna vistunaraðilar og fósturforeldrar.

### 8.1. Leyfi á grundvelli 84. gr. bvl.

Líkt og að framan greinir er barnaverndarþjónustu óheimilt að vista barn í úrræði sem rekið er af einkaaðila á grundvelli þjónustusamnings ef GEV hefur ekki gefið út rekstrarleyfi, sbr. 1. mgr. 43. gr. reglugerðar nr. 652/2004, sbr. einnig 2. mgr. 84. gr. bvl. og 5. gr. laga um GEV. Í undantekningartilvikum getur vistun barns hafist áður en rekstaraleyfi GEV liggur fyrir. Á það einungis við þegar vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun og hagsmunum barns þykir augljóslega best borgið hjá einhverjum sem ekki hefur þá þegar fengið leyfi stofnunarinnar, sbr. 1. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004. Ef það á við er barnaverndarþjónustunni skylt að leiðbeina þeim aðila sem tekur við barni um rekstrarleyfisskyldu einkaaðila. Viðkomandi skal svo fljótt sem verða má og eigi síðar en sjö dögum eftir að vistun hefst leggja fram umsókn um rekstrarleyfi, sbr. 3. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004.

Það skal tekið fram að fyrir breytingar á barnaverndarkerfinu árið 2022 var ferill máls er kom að umsóknum um leyfi skv. 84. gr. bvl. annar en hann er í dag. Þá var það hlutverk

<sup>8</sup> Áður en GEV var sett á fót árið 2022 var útgáfa rekstrarleyfa á grundvelli 84. gr. bvl. í höndum BVS.

barnaverndarnefnda að sækja um leyfi til BVS fyrir einstaklinga til að reka úrræði á grundvelli 84. gr. bvl., sbr. 39. gr. reglugerðar nr. 642/2004 fyrir breytingar 2022. Ef nauðsynlegt reyndist að vista barn áður en leyfi BVS lá fyrir bar barnaverndarnefnd að tilkynna BVS tafarlaust um vistun, sbr. 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004 fyrir breytingar. Þá bar barnaverndarnefnd að skila umsókn um leyfi ásamt öllum gögnum til BVS eigi síðar en sjö dögum eftir að vistun hófst, sbr. 3. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004 fyrir breytingar.

Þannig hafa skyldur barnaverndarþjónustunnar er kemur að vistunum á grundvelli 84. gr. bvl. breyst nokkuð eftir árið 2022. Það er ekki lengur hlutverk barnaverndarþjónustunnar að sækja um leyfi fyrir einstakling heldur gerir viðkomandi það sjálfur. Hlutverk þjónustunnar er fyrst og fremst að tilkynna GEV um vistun skv. 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004 ef vistunaraðili hefur ekki leyfi og leiðbeina viðkomandi aðila um rekstrarleyfisskyldu, sbr. 3. mgr. 44. gr. reglugerðarinnar. Eftir sem áður er það að sjálfsgöðu á ábyrgð barnaverndarþjónustunnar að barn sé ekki vistað hjá aðila sem hefur ekki tilskilið leyfi eða hefur ekki sótt um slíkt leyfi líkt og lög gera ráð fyrir.

Eftirlitsaðilar óskuðu eftir afriti af þeim leyfum sem vistun á grundvelli 84. gr. bvl. byggði á í umbeðnum málum. Við yfirferð gagna varð ljóst að barnaverndarþjónusta Reykjanesbæjar hefur ekki gætt að því að afla staðfestingar á leyfum áður en til vistunar hefur komið á grundvelli 84. gr. bvl. eða eftir atvikum þegar leyfi hafa legið fyrir. Staðfestu viðtöl við starfsfólk framangreint. Gerir GEV alvarlega athugasemd við framangreint.

Í einu málanna liggur fyrir tilkynning til BVS um ráðstöfun til bráðabirgða skv. 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004 fyrir breytingar en skv. dagál í framhaldi upplýsti BVS að ekki þyrfti að senda slíka tilkynningu í umræddu máli þar sem vistunaraðilar væru þegar með leyfi frá þeim. Óljóst er hvort barnaverndarþjónustan hafi á umræddum tíma ekki vitað af leyfi vistunaraðilans, misskilningur hafi orðið eða misbrestur í verklagi. Í öllu falli bendir GEV á að líkt og ferill leyfisveitinga er í dag hefur vistunaraðili útgefið leyfi undir höndum og barnaverndarþjónustur eiga að geta nálgast afrit af leyfinu hjá viðkomandi. Hafi viðkomandi ekki leyfi ber barnaverndarþjónustunni líkt og áður segir að tilkynna til GEV um ráðstöfun til bráðabirgða í samræmi við 44. gr. reglugerðar 652/2004 og leiðbeina viðkomandi að sækja um innan sjö daga.

Í ljósi þess að GEV hefur séð um útgáfu leyfa fyrir vistanir á grundvelli 84. gr. bvl. frá því í byrjun árs 2022 gátu eftirlitsaðilar flett upp þeim leyfum sem gefin hafa verið út eftir þann tíma. Í einu málanna sem skoðuð voru á þennan hátt kom í ljós að barn hafði verið vistað í maímánuði, vistunarsamningur undirritaður í júní, en vistunaraðili ekki sótt um leyfi fyrr en í ágúst sama ár. Engin tilkynning á grundvelli 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004 liggur fyrir vegna vistunarinnar hjá GEV. Þá var gerður vistunarsamningur við annan aðila í framhaldi fyrri vistunar, í febrúar árið eftir. Sá vistunaraðili var ekki með 84. gr. leyfi en sótti um fósturleyfi, á grundvelli 66. gr. bvl., rétt eftir að vistunarsamningur var gerður. Ekki liggur fyrir tilkynning skv. 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004 vegna þeirrar vistunar

heldur. Um miðjan júní 2025 hefur vistunaraðili áttað sig á að hann hafði sótt um rangt leyfi og sótti um leyfi skv. 84. gr. bvl. í framhaldi. Að öllu framangreindu virtu er ljóst að barnaverndarþjónusta Reykjanesbæjar hefur í umræddu máli ekki sinnt hlutverki sínu nægjanlega vel, ekki tilkynnt um vistanir til GEV á grundvelli 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004, ekki leiðbeint vistunaraðilum á fullnægjandi hátt og þar að auki gert vistunarsamninga við aðila án þess að þeir hafi fengið útgefið leyfi eða sótt um leyfi til GEV innan sjö daga líkt og skylt er skv. 3. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004. Gerir GEV alvarlega athugasemd við framangreint.

Í öðru máli hafði barn verið vistað hjá vistunaraðilum í janúar 2024. Í maí sama ár er skráð í dagál að vistunaraðilar væru með neyðarvistunarleyfi og að gerður yrði samningur á grundvelli 84. gr. bvl. Óljóst er hvaðan þær upplýsingar komu. Samkvæmt upplýsingum úr skjalakerfi GEV höfðu viðkomandi vistunaraðilar leyfi frá júní 2023 til júní 2024. Í febrúar 2025 var send tilkynning um vistun barnsins hjá umræddum vistunaraðilum til GEV skv. 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004 og GEV leiðbeindi barnaverndarþjónustunni með bréfi um að leiðbeina þyrfti vistunaraðilum að sækja um leyfi innan sjö daga annars væri um ólögsmæta ráðstöfun að ræða. Ekki er að sjá að vistunaraðilar hafi sótt um leyfi síðan þá en samkvæmt framlögðum upplýsingum var barnið enn vistað hjá þeim er gögn voru afhent GEV, í mars 2025.

Í enn öðru máli liggur fyrir vistunarsamningur frá janúar 2023 með vísan til 84. gr. bvl. og tekið fram í honum að gerður yrði nýr samningur þegar leyfi lægi fyrir. Í skjalakerfi GEV er ekki að sjá að vistunaraðilar hafi sótt um leyfi skv. 84. gr. bvl. og þá liggur ekki fyrir tilkynning skv. 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004. Hins vegar liggur fyrir að vistunaraðilar fengu útgefið fósturleyfi skv. 66. gr. bvl. í mars 2023. Þá virðist hafa verið gerður fóstursamningur afturvirkur fyrir sama tímabil og áður nefndur vistunarsamningur átti við um. GEV ítrekar að ekki er lögsmætt að gera samning við vistunaraðila nema þeir hafi til þess tilskilin leyfi eða sækja um slíkt leyfi innan sjö daga.

Við athugunina kom í ljós að í stórum hluta málanna skorti töluvert á skráningu gagna og upplýsinga vegna vistana barna í upphafi, sbr. það sem rakið var í kafla 3 hér að framan. Þannig liggur fyrir skv. gögnunum að börnum hefur gjarnan verið komið fyrir á neyðarheimilum í upphafi áður en gengið hefur verið frá vistun í lengri tíma, hvort heldur sem síðari vistun er á grundvelli 84. gr. bvl. eða fósturráðstöfun skv. XII. kafla bvl. Ítrekað kom fyrir að engar frekari upplýsingar lægju fyrir um þessa fyrstu vistun á neyðarheimilum, þ.e. engar upplýsingar um leyfi viðkomandi, samningar eða annað. Í einu tilvikinu liggur fyrir að systkini höfðu verið neyðarvistuð hjá tilteknum vistunaraðila. Engin gögn lágu fyrir um þá vistun í framlögðum gögnum, leyfi eða annað. Ljóst er að umræddur vistunaraðili hefur ekki sótt um 84. gr. leyfi hjá GEV. Hafi viðkomandi haft útgefið leyfi frá BVS hefur það að öllum líkindum runnið út í allra síðasta lagi í lok desember 2022 þegar vistunartími barnanna hjá viðkomandi var u.þ.b. hálfnaður. Ljóst er að börnin voru því í a.m.k. nokkrar vikur hjá vistunaraðila sem ekki hafði tilskilið leyfi. Það skal tekið fram að skv. framlögðum gögnum hefur barnaverndarþjónustan sent beiðni um lögreglurannsókn

vegna vistunaraðilans í kjölfar vistunarinnar vegna ásakana um ofbeldi í garð barnanna. Ekki liggja fyrir nánari upplýsingar um þá rannsókn.

Þeim **tilmælum** er beint til barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar að tryggja að fyrir liggja staðfesting á leyfi vistunaraðila skv. 84. gr. bvl., hvort heldur sem vistunaraðilar hafa leyfi er vistun hefst eða fá útgefið leyfi síðar.

Þá er þeim **tilmælum** beint til barnaverndarþjónustunnar að yfirfara verkferla sína er kemur að því að leiðbeina vistunaraðilum að sækja um tilskilið leyfi til GEV innan sjö daga frá því að vistun hefst, sbr. 3. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004.

Ítrekar GEV að sé barn vistað hjá aðila sem ekki hefur leyfi skv. 84. gr. bvl. verður viðkomandi að sækja um leyfi til GEV innan sjö daga frá því að vistun hefst. Ef það er ekki gert er um ólögmeta ráðstöfun að ræða og er það á ábyrgð barnaverndarþjónustunnar.

Að síðustu er þeim **tilmælum** beint til barnaverndarþjónustunnar að yfirfara verkferla sína er kemur að tilkynningum til GEV um ráðstöfun barns til bráðabirgða skv. 2. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004. Ber barnaverndarþjónustunni að tilkynna tafarlaust um vistun þegar vistun hefst áður en leyfi skv. 84. gr. bvl. liggur fyrir.

## 8.2. Samningar um vistun

Áður en barn fer í vistun á grundvelli 84. gr. bvl. ber barnaverndarþjónustunni að gera samning við vistunaraðila um vistun barnsins, sbr. 2. mgr. 43. gr. reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 652/2004, sbr. einnig 5. gr. reglugerðarinnar. Í þeim samningi á að tilgreina m.a. nafn barns, skilgreiningu og markmið úrræðis, tíma sem úrræði er ætlað að vara, stuðning við barn og þann sem tekur að sér að veita þjónustu meðan úrræðið varir, samráðsfundi, skýrslugerð, skráningu, varðveislu og skil persónuupplýsinga eftir því sem við á, innra eftirlit, umgengni barns við foreldra og aðra nákomna þegar það á við, greiðslur, þagnarskyldu og uppsagnar- og endurskoðunarákvæði, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 652/2004.

Í ljósi eðli bráðavistunar skv. 84. gr. bvl. er ljóst að ekki er í öllum tilvikum unnt að ganga frá slíkum samningi *áður* en barn er vistað. Í slíkum tilvikum ber barnaverndarþjónustunni þó eðli málsins samkvæmt að gera slíkan samning svo fljótt sem verða má. Ítrekar GEV mikilvægi þess að barnaverndarþjónustan sendi stofnuninni tilkynningu skv. 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004 við upphaf vistunar ef aðili er ekki með leyfi.

Skv. 2. mgr. 36. gr. reglugerðar nr. 652/2004 er heimilt að vista barn á einkaheimili skv. 84. gr. bvl. í allt að þrjú mánuði. Ef vistun er ætlað að vara í lengri tíma á að jafnaði að fara um það eftir ákvæðum barnaverndarlaga um fóstur. Það skal tekið fram að í framkvæmd er raunin sú að iðulega tekur það lengri tíma en þrjú mánuði fyrir einstakling að fá útgefið fósturleyfi skv. 66. gr. bvl. Algengt er því að vistun á grundvelli 84. gr. bvl. vari lengur en í

þrjá mánuði enda óheimilt að gera fóstursamning við aðila sem hafa ekki tilskilin leyfi. Bendir GEV hins vegar á í þessu sambandi að ef fyrir liggur að barn skuli vistað í lengri tíma en þrjá mánuði er barnaverndarþjónustunni í lófa lagið að leiðbeina einstaklingum að sækja um fósturleyfi skv. 66. gr. bvl. Í einu þeirra mála sem skoðuð voru lá fyrir úrskurður héraðsdóms um vistun barns utan heimilis í tíu mánuði. Í því tilviki telur GEV að rétt hefði verið að leiðbeina vistunaraðilum að sækja um fósturleyfi skv. 66. gr. bvl. Það virðist ekki hafa verið gert skv. framlögðum gögnum, einungis tekið fram að gerður yrði samningur við vistunaraðila á grundvelli 84. gr. bvl. þar sem þau væru ekki með fósturleyfi.

Líkt og áður hefur komið fram er ljóst af framlögðum gögnum að töluvert skorti á skráningu upplýsinga og gagna í þeim tilvikum sem börn voru vistuð á neyðarheimilum í upphafi en var síðar ráðstafað annað. Í þeim tilvikum liggja engir samningar um vistun við vistunaraðila. Gerir GEV alvarlega athugasemd við framangreint.

Í einu þeirra mála sem skoðað var lágu fyrir tveir vistunarsamningar við sinn hvorn vistunaraðilann fyrir sitt hvort tímabilið. Báðir voru þeir þó óundirritaðir og því ekki unnt að álíta að um gilda samninga hafi verið að ræða.

Í einu málinu liggur fyrir að barn var upphaflega vistað hjá ættingja sínum á grundvelli 84. gr. bvl. Leyfi vistunaraðila skv. 84. gr. bvl. liggur fyrir í gögnunum en samningur um vistun á þeim grundvelli hins vegar ekki.

Þá var í einu málinu að finna dagála, annars vegar í júní 2024 og hins vegar í febrúar 2025 um að samningur um vistun hefði verið sendur í undirritun. Þó er einungis að finna einn samning í gögnum málsins, þ.e. frá því í júní 2024. Í þeim samningi er ekki kveðið á um tímabil vistunar, einungis talað um að samningur gildi frá og með dags X. Þá liggur fyrir að enginn samningur var fyrir hendi vegna um eins og hálf mánaðar í upphafi vistunar. Gerir GEV athugasemd við framangreind vinnubrögð.

GEV beinir þeim **tilmælum** til barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar að endurskoða verkferla sína er kemur að gerð samninga um vistun skv. 84. gr. bvl. Barnaverndarþjónustunni ber að gera samning við vistunaraðila skv. 2. mgr. 43. gr. reglugerðar nr. 652/2004 áður en barn er vistað, í það minnsta svo fljótt sem verða má. Gæta verður að því að slíkir samningar séu í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar og undirritaðir í samræmi við meginreglur samningaréttar.

Þá er þeirri **ábendingu** beint til barnaverndarþjónustunnar að alla jafna er vistun á grundvelli 84. gr. bvl. ekki ætlað að standa lengur en þrjá mánuði sbr. 2. mgr. 36. gr. reglugerðar nr. 652/2004. Í þeim tilvikum sem fyrir liggur að vista verði barn lengur en þrjá mánuði er barnaverndarþjónustunni í lófa lagið að leiðbeina aðilum að sækja um fósturleyfi skv. 66. gr. bvl. eftir atvikum.

### 8.3. Umgengni í vistun, sbr. 81. gr. bvl.

Í 81. gr. bvl. er kveðið á um rétt barns til umgengni við foreldra og aðra sem eru því nákomnir á meðan barn er vistað á heimili (eða stofnun) skv. 79. gr. bvl. Með umgengni er átt við samveru og önnur samskipti, sbr. 1. mgr. 81. gr. bvl. Foreldrar eiga rétt til umgengni við barnið nema umgengni sé bersýnilega andstæð hagsmunum og þörfum barnsins og ósamrýmanleg þeim markmiðum sem að er stefnt með vistun. Þeir sem telja sig nákomna eiga með sama hætti rétt á umgengni við barn enda verði talið að það sé til hagsbóta fyrir barnið. Barn sem er 15 ára og eldra getur sjálft gert kröfu um umgengni, sbr. 2. mgr. 81. gr. bvl.

Við gerð vistunarsamnings er barnaverndarþjónustunni skylt að leitast við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja, sbr. 3. mgr. 81. gr. bvl. Ef slíkt samkomulag næst ekki fer umdæmisráð barnaverndar með úrskurðarvald þar um, sbr. 4. mgr. 81. gr. bvl., hvort sem það varðar rétt til umgengni, umfang eða framkvæmd. Umdæmisráð hefur heimild til að úrskurða um að foreldri njóti ekki umgengnisréttar, þ.e. ef umgengni er talin andstæð hag barns og þörfum. Hið sama á við um aðra nákomna.

Þeir sem umgengni eiga að rækja geta óskað breytinga á ákvæðum samnings um umgengnisrétt. Líkt og í öðrum tilvikum tekur umdæmisráð barnaverndar ákvörðun með úrskurði ef ekki næst samkomulag um breytingu, sbr. 5. mgr. 81. gr. bvl.

Hafi umdæmisráð barnaverndar úrskurðað um umgengnisrétt geta þeir sem umgengni eiga að rækja krafist þess að ráðið endurskoði fyrri úrskurð sinn. Ráðinu er þó ekki skylt að taka slíka kröfu til meðferðar nema liðnir séu a.m.k. tólf mánuðir frá því fyrri úrskurður var kveðinn upp, sbr. 6. mgr. 81. gr. bvl.

Í einu þeirra mála sem skoðuð voru var kveðið á um í vistunarsamningi að umgengni við foreldri yrði í samráði við vistunarforeldri. Enginn umgengnissamningur liggur fyrir við foreldri á gildistíma umrædds vistunarsamnings. Framlögð gögn í málinu sýna að framangreint fyrirkomulag gekk ekki vel. Vistunarforeldri kvað foreldri hitta barnið of sjaldan en foreldri taldi vistunaraðila meina því að hitta barnið. GEV ítrekar að það er skylda barnaverndarþjónustunnar að leitast við að ná samkomulagi við foreldri, gangi það ekki ber að leggja málið fyrir umdæmisráð, sbr. framangreint. Það er því ekki í samræmi við framangreind ákvæði barnaverndarlaga að fela vistunarforeldrum ákvörðunarrétt í þessu tilliti. Gerir GEV alvarlega athugasemd við framangreind vinnubrögð.

GEV beinir þeim **tilmælum** til barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar að endurskoða verkferla sína er kemur að umgengni barns við foreldra og aðra nákomna skv. 81. gr. bvl. Skylda hvílir á barnaverndarþjónustunni að leitast við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja, sbr. 3. mgr. 81. gr. bvl., ellegar skal leggja mál fyrir umdæmisráð barnaverndar, sbr. 4. mgr. 81. gr. bvl.

## 9. Fóstur skv. XII. kafla bvl.

Með fóstri skv. barnaverndarlögum er átt við að barnaverndarþjónusta feli sérstökum fósturforeldrum umsjá barns í a.m.k. þrjá mánuði þegar fyrir liggur að a) foreldrar hafa afsalað sér forsjá eða umsjá og samþykkt fósturráðstöfun, b) kveðinn hefur verið upp úrskurður um heimild til að fóstura barn utan heimilis þegar samþykki foreldra og barns eftir atvikum liggur ekki fyrir, c) foreldrar hafa verið sviptir forsjá með dómi, d) barn er forsjárlaust vegna andláts forsjáraðila eða e) barn sem komið hefur til landsins án forsjáraðila sinna er í umsjá barnaverndarþjónustu eða fær alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi á Íslandi, sbr. 1. mgr. 65. gr. bvl.

Fóstur getur verið þrenns konar, þ.e. varanlegt, tímabundið eða styrkt. Með varanlegu fóstri er átt við að það haldist þar til forsjárskyldur falla niður skv. lögum. Fara fósturforeldrar þá að jafnaði með forsjárskyldur. Að jafnaði skal ekki gerður samningur um varanlegt fóstur fyrr en að liðnum reynslutíma sem skal ekki vera lengri en eitt ár. Með tímabundnu fóstri er aftur á móti átt við að fóstur vari í afmarkaðan tíma þegar ætla má að unnt verði að bæta aðstæður þannig að barnið muni geta snúið aftur til foreldra sinna eða annað úrræði taki við innan afmarkaðs tíma. Tímabundið fóstur skal ekki vara lengur en tvö ár nema í algerum undantekningartilvikum þegar það þjónar hagsmunum barns, sbr. 2. mgr. 65. gr. bvl.

Ef barn, sem ráðstafað er í fóstur, á við verulega hegðunarerfiðleika að stríða vegna geðrænna, tilfinningalegra og annarra vandamála af því tagi er heimilt að mæla fyrir um sérstaka umönnun og þjálfun á fósturheimili í stað þess að vista það á stofnun, sbr. 4. mgr. 65. gr. bvl. Er þá talað um styrkt fóstur. Alla jafna er gert ráð fyrir að styrkt fóstur standi ekki lengur en í eitt ár og að barnið fari af heimilinu að þeim tíma liðnum.<sup>9</sup>

Í þessu sambandi telur GEV rétt að nefna að í tveimur málum sem skoðuð voru er ljóst af gögnum málsins að af og til frá hausti 2022 hafði verið rætt við foreldra um að börn þeirra kæmu ekki aftur í umsjá þeirra og að stefnt væri að varanlegu fóstri. Á þessum tíma lá fyrir forsjárhæfnimat sem kvað á um að forsjárhæfni foreldra væri ekki viðunandi og að hagsmunum barnanna væri best borgið með því að fara í varanlegt fóstur. Starfsmenn virðast hafa verið sammála þessu mati en málin voru samt sem áður ekki lögð fyrir umdæmisráð fyrr en tveimur árum síðar. Í millitíðinni, í október 2023, kveður bókun meðferðarfundar á um að lögð sé til vistun áfram í eitt ár þrátt fyrir að á þessum tíma hafi þá þegar verið komin fram afstaða starfsmanna um að stuðningur væri fullreyndur. Vekur þessi vinnsla athygli eftirlitsaðila GEV í ljósi þess að markmið með tímabundnu fóstri er að vinna að því að foreldrar bæti aðstæður á heimili og börnin snúi aftur heim, sbr. það sem að framan hefur verið reifað. Gögnin bera með sér að stefnan hafi í langan tíma verið að

<sup>9</sup> Barnaverndarstofa: *Handbók um vinnslu barnaverndarmála*, bls. 74.

börnunum yrði ráðstafað í varanlegt fóstur áður en það ferli var sett í gang. Gerir GEV athugasemd við framangreinda vinnslu.

### 9.1. Leyfi skv. 66. gr. bvl.

Í dag veitir GEV leyfi til að taka börn í fóstur að fenginni umsögn BOFS, sbr. 1. mgr. 66. gr. bvl. Nánar er kveðið á um leyfi, kröfur, feril umsókna o.fl. í II. kafla reglugerðar um fóstur nr. 804/2004 að breyttu breytanda, en sú reglugerð hefur ekki verið uppfærð eftir að GEV tók til starfa 1. janúar árið 2022. Fyrir stofnun GEV var það BVS sem sá um útgáfu fósturleyfa skv. 66. gr. bvl. Fyrirkomulag útgáfu leyfa breyttist nokkuð þegar GEV tók við útgáfu leyfanna. Þannig gaf BVS almennt út fósturleyfi vegna tiltekins barns ótímabundið en GEV gefur alla jafna út fósturleyfi án þess að það sé bundið við tiltekið barn og leyfin gilda að hámarki í fimm ár, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga um GEV. Við stofnun GEV var ákveðið að fósturforeldrar sem höfðu haft börn í fóstri árið 2020 og/eða árið 2021 hefðu gild fósturleyfi til og með 31. desember 2024 en önnur fósturleyfi útgefin af BVS voru þá þegar útrunnin. Var þetta ákveðið í samræmi við ákvæði I til bráðabirgða í lögum um GEV. Þetta þýddi að fósturforeldrar sem hugðust vera áfram með börn í fóstri þurftu að sækja um endurnýjun leyfis til GEV.<sup>10</sup> GEV upplýsti barnaverndarþjónustur um framangreint með bréfi dags. 23. janúar 2024 og óskaði eftir því að barnaverndarþjónustur liðsinntu GEV við að koma þessum upplýsingum á framfæri til fósturforeldra sem þyrftu þá að sækja um endurnýjun leyfis.

Óheimilt er að ráðstafa barni í fóstur nema til þeirra sem hafa til þess tilskilin leyfi, sbr. 1. og 2. mgr. 67. gr. bvl.

Af gögnum þeirra mála sem skoðuð voru má sjá að töluvert hefur skort á að barnaverndarþjónustan hafi aflað staðfestingar á leyfum fósturforeldra, raunar var það alger undantekning ef finna mátti staðfestingu á að viðkomandi aðilar hefðu leyfi. Var það og staðfest í viðtölum við starfsfólk þjónustunnar sem kvað að það væri almennt litið svo á að ef BOFS benti á tiltekna fósturforeldra væri gert ráð fyrir að viðkomandi aðilar hefðu leyfi. Eftirlitsaðilar benda á að það er á ábyrgð barnaverndarþjónustunnar að gera ekki samning við aðila nema viðkomandi hafi leyfi. Þá er einkar mikilvægt að haldið sé utan um leyfisbréf fósturforeldra í skjalavistunarkerfi barnaverndarþjónustunnar eins og málum er háttað eftir árið 2022 enda eru leyfin nú tímabundin. Bendir GEV á að barnaverndarþjónustan þarf að huga að því hvernig fóstursamningar eru útbúnir í þessu sambandi. Alla jafna eru fóstursamningar, þegar um er að ræða varanlegt fóstur, gerðir með gildistíma fram til þess tíma er barn nær 18 ára aldri. Í ljósi þess að leyfi fósturforeldra eru nú tímabundin, almennt til fimm ára, telur GEV að annað hvort verði að gera fyrirvara í fóstursamning um gildi leyfis eða að miða fóstursamninga við gildistíma leyfisins. Í öllu falli ítrekar GEV mikilvægi þess að barnaverndarþjónustan haldi utan um gildistíma leyfa

<sup>10</sup> Sjá upplýsingar varðandi leyfi til að taka barn í fóstur á vefsíðu GEV: <https://island.is/leyfi-til-ad-taka-barn-i-fostur/fosturleyfi-barnaverndarstofa> [sótt 12. febrúar 2026].

fósturforeldra sem þau hafa gert samning við enda óheimilt að ráðstafa barni í fóstur til aðila sem ekki hafa til þess tilskilið leyfi.

Í ljósi þess að öll fósturleyfi útgefin af BVS eru nú útrunnin flettu eftirlitsaðilar þeim fósturforeldrum sem framlögð gögn báru með sér að enn hefðu börn í fóstri upp í skjalakerfi GEV. Niðurstaðan er að töluvert skortir á að fósturforeldrar sem hafa börn í fóstri á vegum barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar hafi til þess gilt leyfi. Gerir GEV alvarlega athugasemd við þetta. Það er á ábyrgð barnaverndarþjónustunnar að gæta þess að börn séu ekki vistuð hjá aðilum sem hafa ekki gilt leyfi.

Í tveimur málum þar sem fyrir liggur að fósturforeldrar hafa gild leyfi vekja vinnubrögð barnaverndarþjónustunnar athygli eftirlitsaðila. Samkvæmt framlögðum gögnum voru börnin sem um ræðir vistuð hjá aðilum 31. janúar 2023 og gerður vistunarsamningur með gildistíma til 21. maí 2023 á grundvelli 84. gr. bvl. Umræddir aðilar höfðu ekki 84. gr. leyfi, hafa ekki sótt um slíkt leyfi til GEV og barnaverndarþjónustan sendi ekki tilkynningu til GEV skv. 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004. Aðilarnir fengu útgefið fósturleyfi 9. mars 2023. Var í framhaldinu gerður afturvirkur fóstursamningur dags. 10. mars 2023 fyrir tímabilið 30. janúar 2023 til 21. maí 2023. Þá liggur fyrir í málinu tilkynning til BOFS<sup>11</sup> um gerð fóstursamnings fyrir tímabilið 30. janúar 2023 til 21. maí 2023. Tilkynningin er undirrituð af starfsmanni barnaverndarþjónustunnar 23. febrúar 2023, þ.e. áður en fósturleyfi var gefið út. Þá fær GEV ekki séð hvernig barnaverndarþjónustan gat tilkynnt um gerð fóstursamnings þann 23. febrúar þegar umræddur samningur er dagsettur 10. mars. GEV ítrekar að ekki er heimilt að gera fóstursamning skv. 68. gr. bvl. við aðila sem hafa ekki gilt fósturleyfi skv. 66. gr. bvl. Þannig er ekki heimilt að gera afturvirka fóstursamninga sem ná til þess tíma er ekkert leyfi var í gildi. Gerir GEV alvarlega athugasemd við framangreind vinnubrögð.

Hið sama var uppi á teningnum í öðru máli sem skoðað var. Í því máli liggur fyrir að fósturleyfi var gefið út í maí 2023 en fyrsti fóstursamningur er gerður með gildistíma frá 2. nóvember 2022 og því gerður afturvirkur.

GEV beinir þeim **tilmælum** til barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar að tryggja það að í gögnum máls liggi fyrir staðfesting á leyfi fósturforeldra. Þá er einnig **mælt til** þess að barnaverndarþjónustan gæti að gildistíma leyfa fósturforeldra svo barni sé ekki ráðstafað í fóstur hjá aðilum sem hafa ekki til þess gilt leyfi.

Á sama hátt er þeim **tilmælum** beint til barnaverndarþjónustunnar að endurskoða verkferla sína er kemur að gerð fóstursamninga í þessu tilliti. Þannig ber barnaverndarþjónustunni að gæta að því að fóstursamningar séu ekki gerðir afturvirkir og nái þannig yfir tíma þar sem fósturforeldrar höfðu ekki gilt leyfi.

<sup>11</sup> Um eldra eyðublað er að ræða og því er talað um Barnaverndarstofu á eyðublaðinu sjálfu. Eftirlitsaðilar gera ráð fyrir að umrædd tilkynning hafi verið send BOFS.

## 9.2. Umsóknir um fósturheimili skv. 2. og 3. mgr. 67. gr. bvl.

BOFS heldur skrá yfir þá sem hafa leyfi til að taka börn í fóstur, sbr. 1. mgr. 67. gr. bvl. Samkvæmt 2. mgr. 67. gr. bvl. sendir barnaverndarþjónusta beiðni um fósturheimili til BOFS áður en barn fer á fósturheimili og velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá skv. 1. mgr. í samráði við BOFS. Hið sama á við ef um er að ræða styrkt fóstur skv. 4. mgr. 65. gr. bvl. Velur BOFS þá fósturforeldra í samvinnu við barnaverndarþjónustuna, sbr. 3. mgr. 67. gr. bvl.

Athygli vakti við yfirferð framlagðra gagna að töluvert skorti á að þar væru að finna umsóknir um fósturheimili. Í einu málinu var vissulega að finna umsókn um fósturheimili fyrir A en sú umsókn var á meðal gagna í máli systkinis B. Enga slíka umsókn var hins vegar að finna fyrir B sem þó var vistað, og síðar ráðstafað í fóstur, á sama stað og A. Þá mátti finna greinargerðir vegna umsókna í þremur málum en ekki umsóknirnar sjálfar.

GEV beinir þeim **tilmælum** til barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar að endurskoða verkferla sína er kemur að því að óska eftir fósturheimili fyrir börn til BOFS í samræmi við 67. gr. bvl.

## 9.3. Fóstursamningar

Við ráðstöfun barna í fóstur er barnaverndarþjónusta og fósturforeldrum skylt að gera með sér skriflegan fóstursamning, sbr. 68. gr. bvl. Þar skal m.a. kveðið á um lögheimili barns og daglega umsjá, forsjárskyldur, áætlaðan fósturtíma, framfærslu barns og annan kostnað, umgengni barns við foreldra eða aðra nákomna, stuðning barnaverndarþjónustu við barn og fósturforeldra meðan fóstur varir, slit samnings vegna breyttra forsendna, sérstaka umönnun og þjálfun sbr. 4. mgr. 65. gr þegar það á við og annað sem málið kann að varða. Nánar er kveðið á um fóstursamninga í IV. kafla reglugerðar um fóstur nr. 804/2004.

Í þeim málum sem skoðuð voru kom ítrekað fyrir að fóstursamningar hefðu ekki verið endurnýjaðir tímanlega. Þannig mynduðust tímabil á milli gilda fóstursamninga, jafnvel í nokkra mánuði.

Þá var algengt að í gögnunum væru að finna tilkynningar um gerð fóstursamnings til BVS/BOFS en engan samsvarandi samning að finna í málunum. Ekki er ljóst hver skýringin er á því.

Það vakti athygli GEV að í tveimur málanna var gerður samningur um varanlegt fóstur áður en fullnaðardómur féll um sviptingu forsjár. Í umræddum málum kvað héraðsdómur upp úrskurð sinn um sviptingu forsjár skv. 29. gr. bvl. í apríl 2024 en Landsréttur ekki fyrr en í október sama ár. Samningur um varanlegt fóstur var gerður í maí. Hefði að mati GEV verið rétt að bíða með það þar til Landsréttur hafði kveðið upp sinn úrskurð.

Í einu málanna var samningur um varanlegt fóstur dags. 16. nóv 2009 til 13. maí 2023 og annar samningur frá 12. september 2022 til 13. maí 2023. Hvergi er tekið fram hvers vegna nýr samningur var gerður en sjá má að í fyrri samning var hakað við að fósturforeldrar færu með forsjá en í hinum síðari að barnaverndarnefnd færi með forsjá. Hugsanlega var gerður nýr samningur vegna þess að rangt hafði verið merkt við forsjána í eldri samning en betur hefði farið á að ástæða væri skráð í gögnum málsins.

GEV beinir þeim **tilmælum** til barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar að gæta að því að fóstursamningar séu fyrir hendi á meðan á ráðstöfun varir í samræmi við 68. gr. bvl, sbr. einnig IV. kafla reglugerðar um fóstur nr. 804/2004.

#### 9.4 Tilkynning um gerð fóstursamninga

Barnaverndarþjónustum er skylt að tilkynna BOFS og GEV um gerð fóstursamnings, sbr. 1. mgr. 73. gr. bvl. Fyrir breytingar 2022 bar að tilkynna um slíkt til BVS.

Af framlögðum gögnum má sjá að gjarnan vantaði tilkynningar um gerð fóstursamninga. Líkt og áður hefur komið fram í kafla 3 hér að framan voru í sumum tilvikum fyrir hendi tilkynningar um gerð fóstursamnings en ekki fóstursamningarnir sjálfir. Þá mátti sjá í nokkrum tilvikum að tilkynning um gerð fóstursamninga var seint fram komin, jafnvel eftir að fóstursamningur sem tilkynnt var um hafði runnið sitt skeið. Í lögum er ekki kveðið á um að tilkynning skuli send innan tiltekins tíma. Hins vegar telur GEV eðli málsins samkvæmt, og í samræmi við góða stjórnábylgjuhætti, rétt að miða við að slík tilkynning sé send í kjölfar þess að samningur er undirritaður.

Í tveimur þeirra mála sem skoðuð voru virtust tilkynningar um gerð fóstursamninga ekki svara til fóstursamninganna, þ.e. dagsetningar pössuðu ekki. Í málunum virtust tilkynningarnar í raun fara saman við grundvöll vistunar, þ.e. samþykki foreldra og/eða úrskurði nefndar/dómstóla.

Þá er vísað til mála sem rakin voru í kafla 9.1 hér að ofan. Í þeim málum var tilkynning um gerð fóstursamnings dagsett rúmum tveimur vikum áður en fóstursamningurinn var undirritaður og áður en fósturleyfi var gefið út. Óljóst er hver skýringin á því er.

Það vakti athygli eftirlitsaðila að í einu málinu sendi barnaverndarþjónusta Reykjanesbæjar tilkynningu til BOFS og GEV um gerð fóstursamnings skv. 73. gr. bvl. enda þótt um vistun skv. 84. gr. bvl. væri að ræða. Gerðir voru tveir vistunarsamningar skv. 84. gr. bvl. í málinu, að vísu óundirritaðir, og tilkynnt um þá báða á grundvelli 73. gr. bvl. Bendir GEV á að tilkynning skv. 73. gr. á við um fóstursamninga skv. 68. gr. bvl. en ekki vistunarsamninga sem gerðir eru á grundvelli 84. gr. bvl.

GEV beinir þeim **tilmælum** til barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar að gæta að því að tilkynnt sé um gerð fóstursamninga í samræmi við 73. gr. bvl., sbr. einnig 28. gr. reglugerðar um fóstur nr. 804/2004. Skulu tilkynningarnar samræmast gerðum fóstursamningum.

Þá **bendir** GEV á að eðli málsins samkvæmt og í samræmi við góða stjórnsluhætti er rétt að miða við að tilkynna um gerð fóstursamnings fljótlega í kjölfar undirritunar, í það minnsta ekki eftir að samningur sá er tilkynnt er um er runninn út.

### 9.5 Undirbúningur barns og fósturforeldra, sbr. 72. gr. bvl.

Barnaverndarþjónustu ber að undirbúa barn undir viðskilnað frá foreldrum sínum og fyrir væntanlegt fóstur. Barnaverndarþjónustunni ber á sama hátt að undirbúa fósturforeldra fyrir hlutverk þeirra áður en fóstur hefst, svo sem með upplýsingagjöf, viðtölum og öðru því sem að gagni má koma, sbr. 72. gr. bvl. Barnaverndarþjónustunni er þannig skylt að upplýsa væntanlega fósturforeldra um persónulega hagi barnsins og önnur atriði sem nefndin telur máli skipta með tilliti til markmiða fósturs, sbr. 2. mgr. 19. gr. reglugerðar um fóstur nr. 804/2004.

Þeir fósturforeldrar sem eftirlitsaðilar GEV ræddu við voru sammála um að barnaverndarþjónustan hefði getað staðið betur að undirbúningi fósturs í málum þeirra barna sem ráðstafað hafði verið til þeirra. Fleiri en eitt fósturforeldri nefndi að skort hafi á mikilvægar upplýsingar í upphafi.

### 9.6 Umgengni skv. 74. gr. bvl.

Barn á rétt til umgengni við foreldra og aðra sem því eru nákomnir á meðan það er í fóstri, sbr. 1. mgr. 74. gr. bvl. Með umgengni er átt við samveru og önnur samskipti. Foreldrar eiga að sama skapi rétt til umgengni við barn í fóstri nema umgengni sé bersýnilega andstæð hagsmunum og þörfum barnsins og ósamrýmanleg þeim markmiðum sem stefnt er að með ráðstöfun þess í fóstur, sbr. 2. mgr. 74. gr. bvl. Við mat á þessu skal m.a. taka tillit til þess hversu lengi fóstri er ætlað að vara. Þeir sem telja sig nákomna barninu eiga með sama hætti rétt til umgengni við barnið, enda verði talið að það sé til hagsbóta fyrir það. Barn sem er 15 ára og eldra getur sjálft gert kröfu um umgengni, sbr. 2. mgr. 74. gr. bvl.

Við ráðstöfun barns í fóstur er barnaverndarþjónustunni skylt að taka afstöðu til umgengni barns við foreldra og aðra nákomna og skal við það hafa í huga hvað þjónar hagsmunum barnsins best. Náist samkomulag með aðilum gerir barnaverndarþjónustan skriflegan samning við þá sem umgengni eiga að rækja, sbr. 3. mgr. 74. gr. bvl. Náist ekki samkomulag, ef upp koma ágreiningsefni, hefur umdæmisráð barnaverndar úrskurðarvald er varðar umgengni við foreldra og aðra nákomna. Á það við um rétt til umgengni, umfang eða framkvæmd. Ef sérstök atvik valda því að umgengni barns við

foreldra er andstæð hag þess og þörfum getur umdæmisráð úrskurðað að foreldri, eða aðrir, skuli ekki njóta umgengnisréttar, sbr. 4. mgr. 74. gr. bvl.

Þeir sem umgengni eiga að rækja geta óskað breytinga á ákvæðum samnings um umgengnisrétt. Líkt og áður segir tekur umdæmisráð barnaverndar ákvörðun um breytingu með úrskurði ef ekki næst samkomulag, sbr. 5. mgr. 74. gr. bvl. Þeir sem umgengni eiga að rækja geta krafist þess að umdæmisráð barnaverndar endurskoði fyrri úrskurð sinn um umgengnisrétt. Ráðinu er þó ekki skylt að taka slíka kröfu til efnisúrlausnar nema liðnir séu tólf mánuðir hið skemmsta frá því fyrri úrskurður var kveðinn upp, sbr. 6. mgr. 74. gr. bvl.

Ávallt er skylt að kanna viðhorf fósturforeldra til umgengni áður en gengið er frá samningi eða kveðinn upp úrskurður um umgengni, sbr. 1. mgr. 74. gr. a. bvl. Þegar um er að ræða varanlegt fóstur eru fósturforeldrar barns aðilar að máli um umgengni skv. 74. gr. Fósturforeldrar taka þannig þátt í gerð samnings um umgengni, geta óskað breytinga á áður ákvarðaðri umgengni, eru aðilar að úrskurðarmáli og geta skotið úrskurði um umgengni til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 2. mgr. 74. gr. a. bvl.

Af framlögðum gögnum þeirra mála sem skoðuð voru má sjá að algengt er að komið hafa tímabil, mislöng, en jafnvel margir mánuðir, þar sem enginn umgengnissamningur eða úrskurður um umgengni hefur verið í gildi vegna barna í fóstri. Í einhverjum tilvikum gæti það átt sér eðlilegar skýringar en í öðrum er ekki að sjá af framlögðum gögnum að slíkar skýringar séu fyrir hendi. Í nokkrum tilvikum liggja fyrir bókanir meðferðarfunda um umgengni aðila en enginn samningur gerður og engar skýringar að finna á því. Ítrekað kom fyrir að ráða mætti af gögnum máls að samningur hefði náðst við foreldri en engan slíkan samning hinsvegar að finna í framlögðum gögnum. Ekki liggja fyrir skýringar á því.

Í einu þeirra mála sem skoðuð voru virðist af gögnum sem ákvörðun um umgengni sé tengd samþykki fyrir vistun. Gögn bera með sér að rætt hafi verið foreldra um að ef þau samþykktu vistun barns utan heimilis fengju þau meiri umgengni. Viðtöl við starfsfólk staðfestu þessa nálgun. Einn starfsmaðurinn sagði: „Við notum umgengni sem gultót fyrir samþykki fyrir vistun, meiri umgengni ef þú samþykkir.“ Gerir GEV alvarlega athugasemd við þessa vinnslu. Í fyrsta lagi á afstaða barnaverndarþjónustunnar að taka mið af hagsmunum barnsins þegar kemur að umgengni. Í öðru lagi er ekki forsvaranlegt að þvinga fram samþykki á þennan hátt. Ákvörðun um umgengni á ekki að nota sem einhverskonar skiptimynt þegar kemur að því að afla samþykkis foreldra eða ná fram samvinnu við þá. Ef ekki næst samþykki eiga aðilar rétt á því að málið sé lagt fyrir umdæmisráð í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga.

Í einu þeirra mála sem skoðað var mátti finna bókun meðferðarfundar þar sem fram kom að barn óskaði eftir umgengni við systkini sitt sem var á öðru fósturheimili. Í bókun má finna tiltekna niðurstöðu um umgengni þeirra á milli. Ekkert kemur hins vegar fram í bókun um afstöðu forsjáforeldris eða vilja systkinis. Ekki er tekið fram í bókun að gerður yrði samningur um umgengnina og þá við hverja og engan samning er að finna í gögnum

málsins. Í sama máli er að finna bókun meðferðarfundar skömmu síðar þar sem fjallað er um umgengni við foreldri og niðurstöðu meðferðarfundar þar um. Ekkert kemur fram í bókun um vilja foreldris eða barns varðandi umgengni. Þá er engan samning að finna í gögnum málsins. Verður að telja framangreinda vinnslu afar ófullnægjandi. Í síðari bókun kemur fram að foreldri hafi óskað eftir umgengni um jól. Í bókuninni er vísað í samning um umgengni sem gildi til apríl árið eftir en sá samningur er ekki á meðal framlagðra gagna. Umgengni sem vísað er til í þessari bókun er ekki í samræmi við bókun fyrri meðferðarfundar um umgengni við foreldri og óljóst er hvers vegna, enda engir samningar fyrirbyggjandi. Fram kemur í bókun að fósturforeldrar leggist gegn umgengni um jólin en ekkert kemur fram um vilja barnsins. Þá segir að lokum að vegna umgengnissamnings sé umgengni um jól hafnað. Benda eftirlitsaðilar á að hér hefur meðferðarfundur tekið sér vald sem hann hefur ekki. Sé ágreiningur um umgengni ber að leggja það fyrir umdæmisráð til úrlausnar, sbr. 4. mgr. 74. gr. bvl. Hafi foreldri undirritað samning um umgengni, sem er þó allsendis óvíst út frá gögnum málsins, getur viðkomandi alltaf dregið samþykki sitt til baka og krafist úrskurðar. Hvergi kemur fram að foreldri í umræddu máli hafi verið kynntur sá réttur. Ári síðar kemur fram í dagál að barn óski aftur eftir að fara heim til foreldris í umgengni. Fram kemur að foreldri hafi verið sendur tölvupóstur varðandi viðtal. Ekkert kemur fram hvað hafi átt að ræða né heldur hvort orðið hafi af viðtali. Ekkert kemur fram um framangreint eða afstöðu foreldris í bókun meðferðarfundar. Niðurstaða meðferðarfundar var að hafna umgengni á þeim grundvelli að húsnæði foreldris væri óviðunandi fyrir börn. Ljóst er að þarna tók barnaverndarþjónustan sér aftur vald sem hún hefur ekki. Í umræddu máli var um að ræða stálpað barn sem virðist ekki hafa hitt foreldri sitt eða systkini allan vistunartímann nema einungis í gegnum fjarskiptabúnað. Gerir GEV alvarlega athugasemd við vinnslu málsins að þessu leytnu til. Um er að ræða styrkt fóstur þar sem vinna hefði átt að því að barnið gæti snúið aftur til foreldris síns í samræmi við markmið tímabundinnar vistunar. Bendir GEV á að hafi foreldri búið við slæmar aðstæður og/eða verið í slæmum aðstæðum sjálft hefði verið unnt að búa svo um hnútana að umgengni færi fram í húsnæði á vegum barnaverndarþjónustunnar, jafnvel undir eftirliti og/eða með frekari skilyrðum.

Í tveimur málanna mátti sjá að gerðir voru umgengnissamningar sem á ákveðnum tímapunkti voru taldir ógildir, vegna ástæðna er höfðu með foreldri að gera. Umgengni fór þó fram áfram en barnaverndarþjónustan setti skilyrði um eftirlit. Foreldri var ósátt við það og taldi brotið á sér. Í þessu tilviki hefði barnaverndarþjónustunni verið í lófa lagið að freista þess að gera nýjan samning við foreldri í samræmi við 3. mgr. 74. gr. bvl., ellegar fara með málið fyrir umdæmisráð barnaverndar, sbr. 4. mgr. sömu greinar. Í málinu var ekki gerður nýr samningur við foreldri fyrr en rúmum tveimur mánuðum síðar en á meðan enginn samningur var í gildi fór umgengni fram með skilyrðum barnaverndar sem foreldri var ósátt við líkt og áður segir.

Í málum systkina var kveðið á um samkomulag við foreldri A um umgengni í dómsátt í apríl 2024. Í október það ár var bókað á meðferðarfundum að málstjóri myndi ræða við lögmann

barnaverndarþjónustunnar þar sem áhyggjur væru uppi um að umgengni barnanna við foreldri A væri bersýnilega andstæð hagsmunum og þörfum barnanna og málstjóri vildi að umgengni yrði endurskoðuð. Á þessum tíma hafði foreldri B einnig óskað eftir umgengni við börnin. Í gögnum málsins er ekki að sjá að frekar hafi verið aðhafst vegna þessa, hvorki að rætt hafi verið við lögmann barnaverndarþjónustunnar né heldur að beiðni foreldris B hafi verið tekin fyrir eða afgreidd. Gerir GEV athugasemd við framangreint.

Í einu málanna liggur fyrir umgengnissamningur við foreldri með gildistíma þar til niðurstaða í dómsmáli lægi fyrir. Enginn samningur eða úrskurður liggur fyrir um umgengni við foreldri eftir þann tíma. Barninu hafði verið ráðstafað í fóstur á heimili ættingja. Í dagál mörgum árum síðar var skráð að foreldri yrði boðað í viðtal til að ræða umgengni en engar frekari upplýsingar liggja fyrir um hvort af viðtali hafi orðið eða hvort frekari vinnsla hafi orðið í kjölfarið. Engar skýringar eru að finna á framangreindri vinnslu.

Í einu málinu hafði umgengni verið ákveðin tvisvar sinnum á ári með úrskurði árið 2009. Í bókun barnaverndarnefndar síðari hluta árs 2012 er lagt til að umgengni við foreldri yrði frestað um eitt ár enda var umgengni talin andstæð hagsmunum barnsins. Fram kemur að foreldri samþykkti þetta. Ári síðar, í nóvember 2013, höfðu aðstæður breyst og foreldrið óskaði eftir umgengni tvisvar á ári og samþykkti eftirlit. Í bókun meðferðarfundar kemur fram að starfsmenn lögðu til að umgengni yrði tvisvar á ári í tvær klukkustundir. Óljóst er af gögnum málsins hvað gerðist svo í kjölfarið. Í dagálum vegna símtala við foreldri frá árinu 2017 kemur fram að engin umgengni hefði farið fram síðan árið 2012. Rúmu hálfu ári eftir umrædda dagála er skráð heimsókn á fósturheimili þar sem fram kemur að barni langi mikið að hitta foreldrið. Í framhaldi áttu sér stað samskipti milli barnaverndar og foreldris og loks er skráð um umgengni við foreldri síðari hluta árs 2018, í fyrsta sinn í sex ár. Um mitt ár 2019 er skráð í dagál að foreldri hafi haft samband og lagt til að umgengni verði annan hvorn mánuð. Á meðferðarfundi í kjölfarið var fjallað um umgengni og þar kemur fram að foreldri hafi óskað eftir umgengni og lögð til umgengni á þriggja mánaða fresti. Það athugast að hér er misræmi í skráningum. Samþykkt var umgengni fjórum sinnum á ári og bókað að gerður yrði umgengnissamningur. Samningur er dagsettur skömmu síðar og gildi í ár. Átta dögum eftir dagsetningu samnings er skráð að rætt hafi verið við fósturforeldra og að þau væru sátt við þessa niðurstöðu. Ekkert er skráð um að afstöðu barnsins hafi verið aflað með neinum hætti ef frá er talin áðurnefnd heimsókn 2018. Bendir GEV á að rétt hefði verið að afla afstöðu fósturforeldra áður en bókað væri um niðurstöðu á meðferðarfundi og gerður yrði samningur. Þá hefði verið rétt að afla afstöðu barnsins að nýju.

Í einu málanna, þar sem um var að ræða styrkt fóstur til eins árs sem hófst í júlímánuði, var lítið sem ekkert að finna í gögnum máls um umgengni, ef frá er talin umgengni um jólin. Í fóstursamningi kemur fram að gert sé ráð fyrir símtölum foreldra við barnið einu sinni í viku en hvergi hægt að sjá að gert sé ráð fyrir að það hitti foreldra eða systkini á tímabili vistunar. Enginn samningur um umgengni liggur fyrir í málinu. Í september liggur fyrir dagáll þar sem fram kemur að barnið spurði hvort það mætti hitta annað foreldri sitt

tiltekinn dag í september þegar annað barn á fósturheimilinu væri að fara í umgengni. Fram kemur í dagál að starfsmaður hafi sagst ætla að kanna það en engar frekari upplýsingar eru að finna í gögnum málsins.

Nokkuð var um að aðilar sem virðast hafa verið nákomnir barni skv. gögnum mála óskuðu eftir umgengni en barnaverndarþjónustan tók ekki afstöðu til þeirra beiðna eða umgengni við þá formfest. Í tveimur málanna svaraði barnaverndarþjónustan því til að ekkert væri því til fyrirstöðu að umræddir aðilar heimsæktu fósturforeldra. Í einu málanna óskaði barnsmóðir föður eftir umgengni við barnið fyrir hönd barna sinna, þ.e. systkina barnsins. Því var sagt að það væri undir föðurnum komið að taka börnin með í umgengni að svo stöddu. Barnsmóðirin var ósátt. Ekkert var skráð frekar um þetta eða að meðferðarfundur hafi tekið beiðnina fyrir. Bendir GEV á að það er hlutverk barnaverndarþjónustunnar að hlutast til um umgengni í fóstri, skv. 3. mgr. 74. gr. bvl. og um er að ræða réttindi barnsins, sbr. 1. mgr. 74. gr. bvl. Það að afgreiða mál með framangreindum hætti setur alla aðila í erfiða stöðu, bæði þá sem óska eftir umgengni, fósturforeldra og jafnvel barnið. Þá bendir GEV á að náist ekki samkomulag fer umdæmisráð barnaverndar með úrskurðarvald um ágreiningsefni er varða umgengni barns við hvort heldur sem er foreldra eða aðra nákomna, sbr. 4. mgr. 74. gr. bvl.

Í einu málinu hafði verið gerður umgengnissamningur við ættingja barns. Sá samningur var með gildistíma þar til dómur gagnvart foreldri félli. Nokkrum mánuðum eftir að dómur féll fór ættinginn að spyrjast fyrir um umgengni við barnið hjá barnaverndarþjónustunni og fékk þau svör að þar sem að samningur hefði gilt þar til dómur væri fallinn þyrftu ættingjar að óska eftir umgengni til barnaverndar á nýjan leik. Að mati GEV hefði barnaverndarþjónustunni verið í lófa lagið að leiðbeina ættingjanum í umræddu tilviki um framangreint verklag eftir að dómur féll og samningur rann út. Það er í höndum barnaverndar að eiga frumkvæði að því að gera tillögur um umgengni barns við kynforeldra og aðra nákomna þegar það á við, sbr. 3. mgr. 25. gr. reglugerðar um fóstur nr. 804/2004, sbr. einnig 3. mgr. 74. gr. bvl. Í ljósi fyrri umgengnissamnings og tengsla ættingjans og barnsins í umræddu máli hefði barnaverndarþjónustunni verið í lófa lagið að eiga frumkvæði að nýjum samningi eftir að fyrri samningur rann út. Svipað mátti sjá í öðru máli, þ.e. fyrir liggur að úrskurðað var um umgengni barns við ættingja í upphafi en svo engar frekari upplýsingar um umgengni í framhaldinu.

GEV hefur skilað af sér álitni til barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar í tilteknu máli sem unnið var á grundvelli kvörtunar, sbr. 17. gr. laga um GEV. Í álitinu kemur fram að umgengni barns hafi verið breytt að beiðni fósturforeldra. Var það niðurstaða GEV í álitinu að skort hefði á samráð við fósturforeldra við ákvarðanatöku um umgengni og þá skorti á að þau væru aðilar að samningi. Taldi GEV að um ámælisverða háttsemi í skiliningi 17. gr. laga um GEV hafi verið að ræða. Það skal tekið fram að við frumkvæðisathugun GEV var óskað eftir gögnum í umræddu máli. Þar voru hins vegar engin gögn að finna varðandi framangreint. Engin gögn voru að finna í málinu eftir apríl 2019 en umrædd breyting ku hafa átt sér stað árið 2020. Sjá nánari umfjöllun í kafla 3 hér að ofan.

Hvað varðar réttarstöðu fósturforeldra við ákvörðun á umgengni skv. 74. gr. a. bvl. er það niðurstaða GEV að barnaverndarþjónusta Reykjaneshæjar hafi í flestum tilvikum gætt að því að afla viðhorfs fósturforeldra í samræmi við 1. mgr. þeirrar greinar og er það vel. Hins vegar er ekki að sjá af framlögðum gögnum að fósturforeldrar barna sem vistuð hafa verið í varanlegt fóstur hafi tekið þátt í gerð umgengnissamninga í samræmi við 2. mgr. 74. gr. a. bvl. Gerir GEV athugasemd við framangreint.

Þeir fósturforeldrar sem rætt var við voru sammála um að aðkoma barnaverndarþjónustunnar að umgengi við börnin hefði verið ófullnægjandi. Eitt fósturforeldranna sagði:

Það er hrikalega haldið utan um [umgengni]. Ekkert skipulag, enginn fyrirvari. Það var aldrei búið að gera skipulag sem átti að standa í einhvern tíma. Við vorum látin vita með viku fyrirvara að hámarki. Þegar verst lét hringdi barnaverndarstarfsmaður hálf tíma eða klukkutíma fyrir umgengni. Það hafði þá gleymst að láta okkur vita.

Í einu málinu hefur kynforeldrisamband við fósturforeldra til að skipuleggja umgengni skv. úrskurði. Samkvæmt fósturforeldrum hefur kynforeldri óskað eftir endurskoðun á þeim úrskurði en hafði, þegar viðtal fór fram, beðið í þrjú ár eftir niðurstöðu. Samt sem áður hafi barnaverndarþjónustan óskað eftir afstöðu fósturforeldra til aukinnar umgengni árlega síðan þá. Furða fósturforeldrar sig á þessum vinnubrögðum barnaverndarþjónustunnar.

Þá nefndu fósturforeldrar sem rætt var við að umgengni við foreldri, sem er samkvæmt úrskurði, hefði haft slæm áhrif á fósturbörnin sem væru hjá þeim í varanlegu fóstri. Fósturforeldrar hafi bæði reynt að óska eftir því við barnaverndarþjónustuna að lengt yrði í tímanum sem liði á milli heimsóknna sem og óskað eftir að umgengni færi fram á öðrum tíma árs en starfsmenn barnaverndarþjónustunnar hafi hins vegar aldrei breytt neinu í þeim efnum og óskum fósturforeldra hafnað. Eftirlitsaðilar GEV spurðu hvort þeim hafi verið kynntur réttur þeirra til að krefjast breytinga á úrskurði þar sem þeir væru aðilar máls, sbr. 2. mgr. 74. gr. a. bvl. Fósturforeldrar svöruðu því neitandi, þeir hefðu ekki haft hugmynd um það. Þá kom ennfremur fram að fósturforeldrar sáu sjálfir um umgengni er varðaði önnur skyldmenni.

Í öðru máli kom fram að fósturforeldri sæi alfarið um alla umgengni, og öll samskipti þar um, við báða kynforeldra barns sem er hjá því í varanlegu fóstri. Kom fram að enginn umgengnissamningur væri í gildi að því er fósturforeldrið best vissi og svona hefði þetta verið í mörg ár.

GEV beinir þeim **tilmælum** til barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar að gæta að því að verklag varðandi ákvörðun um umgengni barns við foreldra og aðra nákomna sé í samræmi við 74. gr. bvl. Bendir GEV sérstaklega á að það er hlutverk barnaverndarþjónustunnar að eiga frumkvæði að því að gera tillögur um umgengni barns þegar barni er ráðstafað í fóstur, sbr. 3. mgr. 74. gr. bvl., sbr. einnig 3. mgr. 25. gr. reglugerðar um fóstur nr. 804/2004. Þá er ekki tækt að láta ákvörðun um umgengni í hendur fósturforeldra. Ennfremur er skýrt að sá er umgengni á að rækja getur hvenær sem er óskað eftir breytingum á ákvæðum samnings en ef ekki næst samkomulag er það umdæmisráð barnaverndar sem tekur ákvörðun með úrskurði, sbr. 5. mgr. 74. gr. bvl.

Þá er þeim **tilmælum** beint til barnaverndarþjónustunnar að gæta að réttarstöðu fósturforeldra við ákvörðun á umgengni í samræmi við 74. gr. a. bvl. Á það sérstaklega við um aðkomu fósturforeldra barna í varanlegu fóstri að gerð samninga um umgengni, sbr. 2. mgr. 74. gr. a. bvl. Þá er þeim **tilmælum** beint til barnaverndarþjónustunnar að leiðbeina fósturforeldrum um réttarstöðu sína skv. 74. gr. a. bvl. á fullnægjandi hátt í samræmi við 40. gr. bvl., sbr. einnig 7. gr. ssl.

## 10. Eftirlit og stuðningur

Allir sem veita þjónustu sem lýtur eftirliti GEV skulu hafa virkt innra eftirlit með starfsemi sinni sbr. 11. gr. laga um GEV. Á það meðal annars við um stjórnvöld sem veita þjónustu á grundvelli barnaverndarlaga. Í lögskýringargögnum kemur fram að innra eftirlit felur í sér sjálfstæða skyldu til innra skipulags sem hefur það markmið að starfsemi sé í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli, samninga og leiðbeiningar.<sup>12</sup> Þar segir einnig að innra eftirlit feli að lágmarki í sér að reglur sem starfsemi lýtur séu kortlagðar, komið sé á verklagi til að tryggja að þjónusta sé veitt í samræmi við kröfur til þjónustunnar og að til staðar sé ferli til að tryggja eftirfylgni með þeim. Innra eftirlit felur jafnframt í sér að ábyrgð á verkefnum sé skilgreind, verklag, ferlar og framkvæmd séu skráð og að frávikum sé fylgt eftir og framkvæmd færð til betri vegar.

Ljóst er að verulegir annmarkar hafi verið á málavinnslu þeirra mála sem athugunin náði til og að töluverður misbrestur hafi verið á því að kröfum í lögum og reglugerðum hafi verið fylgt. Afar mikilvægt er að barnaverndarþjónustan leggi áherslu á að efla innra eftirlit sitt í þeim tilgangi að stuðla betur að gæðum og öryggi þjónustunnar.

Þeim **tilmælum** er beint til barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar að viðhafa virkt innra eftirlit með starfsemi sinni í samræmi við 1. mgr. 11. gr. laga um GEV. Liður í því er að kortleggja hvaða lög, stjórnvaldsfyrirmæli, samningsákvæði, leiðbeiningar og reglur gilda um starfsemina, viðhafa verklag til að stuðla að því að þjónustan sé veitt í samræmi við þær kröfur sem til hennar eru gerðar og að framkvæma eftirlit til að tryggja að þjónusta sé veitt í samræmi við kröfur til starfseminnar, t.d. í formi úttekta.

Fjallað er um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis í XV. kafla A. bvl. Markmið mats og eftirlits er m.a. að tryggja að fyrirkomulag úrræða og framkvæmd vistunar barna utan heimilis sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, staðla og reglna samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga og að tryggja að ráðstöfun nái tilgangi sínum og réttindi barna séu virt, sbr. 89. gr. a. bvl.

Í þessu samhengi bera barnaverndarþjónustur ábyrgð á að fylgjast sé með gæðum og árangri vistúrræða á þeirra vegum. Barnaverndarþjónusta sem ráðstafar barni í vistun eða fóstur skal fylgjast náið með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum. Barnaverndarþjónusta aflar nauðsynlegra upplýsinga í þessu skyni eftir því sem ástæða þykir til. Þá skal barnaverndarþjónustan leitast við að vera í reglubundnu sambandi við barn sem vistað er utan heimils og gefa barni kost á að tjá sig um aðbúnað og líðan sína í samræmi við aldur og þroska, sbr. 1. mgr. 89. gr. b. bvl. Þá er barnaverndarþjónustum skylt að heimsækja með reglubundnum hætti börn sem vistuð

<sup>12</sup> Sjá athugasemdir við 11. gr. í greinargerð með frumvarpi til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021, 151. löggj.þ. 2020-2021, þskj. 442. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/151/s/0442.html> [sótt á vef 12. febrúar 2026].

eru á vegum þjónustunnar. Skal barnaverndarþjónustan heimsækja fósturheimili eins oft og ástæða þykir til, þó ekki sjaldnar en tvisvar sinnum fyrsta árið og einu sinni eftir það, sbr. 2. mgr. 89. gr. b. vbl. Framangreint er einnig tiltekið í 34. gr. reglugerðar um fóstur. Skylda barnaverndarþjónustunnar í þessu tilliti miðar að því að fylgjast með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum. Í eftirlitsheimsóknum er mikilvægt að að gæta að því að ræða ávallt við barnið sjálft og gefa barninu tækifæri til að ræða einslega vði starfsmann.<sup>13</sup>

Í 26. gr. reglugerðar nr. 804/2004 er fjallað um stuðning barnaverndarþjónustu við barn og fósturforeldra á meðan fóstur varir. Þar er tekið fram að útfæra eigi nánar í fóstursamningi í hverju stuðningur er fólgin en talin eru upp atriði í sex liðum sem taka á afstöðu til, þ.e.: meðferðar fyrir barnið, frekari þjónustu við barnið, annarra stuðningsúrræða, handleiðslu fyrir fósturforeldra, reglubundinna samráðsfunda og heimsókna barnaverndarþjónustunnar á fósturheimili.

Auk framangreinds er einnig rétt að minnst á að skv. 3. mgr. 65. gr. a vbl. veitir BOFS fósturforeldrum fræðslu og faglegan stuðning. Bendir GEV á að barnaverndarþjónustunni er í lófa lagið að leiðbeina fósturforeldrum um framangreint í samræmi við leiðbeiningarskyldu sína, sbr. 40. gr. vbl., sbr. einnig 1. mgr. 7. gr. ssl.

Við athugun framlagðra gagna kom í ljós að töluverður misbrestur hefur verið á því að barnaverndarþjónusta Reykjanesbæjar sinni eftirliti og stuðningi í samræmi við framangreint á fullnægjandi hátt. Þannig bera gögn með sér að jafnvel hafa liðið mörg ár án þess að barnaverndarþjónustan heimsæki fósturheimili og ræði við barn. Hafi eftirlit og heimsóknir á fósturheimili farið fram í umræddum tilvikum skorti í öllu falli á skráningar þar um.

Samkvæmt gögnum í einu þeirra mála sem skoðað var er ljóst að ástand á fósturheimili hafði ekki verið gott á um fjögurra ára tímabili. Ef miðað er við skráningar í gögnum málsins er ljóst að barnaverndarþjónustan fylgdist ekki nægilega vel með aðstæðum barnsins á þeim tíma. Lítið er fjallað um málið á meðferðarfundum á tímabilinu jafnvel þótt miklar áhyggjur hafi verið í nærumhverfi barnsins.

Í einu þeirra mála sem skoðað var koma fram upplýsingar frá barni að því liði ekki vel á fósturheimili sínu, það væri mikið eitt, það upplifði vantraust og óskaði eftir að fara á annað fósturheimili. Svo virðist af gögnum málsins að þetta hafi ekki verið skoðað neitt nánar, í það minnsta er ekkert skráð um það.

Þá kemur fram í gögnum eins málsins að barni hafi liðið illa á fósturheimilinu, a.m.k. til að byrja með. Fyrir liggja upplýsingar frá foreldri þar sem það segir barn hafa tjáð sig um líkamlegt og andlegt ofbeldi á fósturheimilinu og að barnið hafi reynt að strjúka. Skömmu eftir símtal við foreldri þar sem þessar upplýsingar komu fram er skráð símtal við

---

<sup>13</sup> Barnaverndarstofa: Handbók um vinnslu barnaverndarmála, bls. 88. Reykjavík

skólastjóra þar sem fram kemur að barnið hefði tjáð sig um að fósturforeldrar kæmu í veg fyrir að það gæti hringt í starfsmann barnaverndar. Hvergi í gögnum málsins eru að finna upplýsingar um að starfsmaður hafi farið og talað við barnið eða skoðað þetta nánar. Það skal tekið fram að um var að ræða styrkt fóstur til eins árs sem hófst í júlí 2024. Þegar gögn málsins bárust GEV í byrjun maí 2025 hafði barnið verið á fósturheimilinu í 10 mánuði en engar skráningar liggja fyrir um að starfsmaður barnaverndarþjónustunnar hafi farið í heimsókn á fósturheimilið. Skráningar liggja fyrir um nokkur símtöl og rafræna fundi. Í áætlun um trygga umsjá barnsins, skv. 33. gr. bvl., eru afar takmarkaðar upplýsingar. Þar segir að erfitt sé að meta þann stuðning sem þurfi fyrir barnið en það verði metið þegar reynsla kemst á fóstrið. Engin gögn liggja fyrir um að slíkt mat hafi farið fram.

Í álitum sem GEV gaf út árið 2022 í tilefni kvörtunar þáverandi fósturforeldra er rakið að í vitjun í janúar 2020 hafi fósturforeldrar lýst miklum erfiðleikum og þeir gætu ekki haldið áfram í óbreyttri mynd. Samt sem áður var ekkert skráð í gögnum málsins um viðbrögð þjónustunnar við þessu ástandi eða eftirfylgd. Fósturforeldrar höfðu upplifað að skort hefði á handleiðslu og stuðning af hálfu þjónustunnar og tók GEV undir sjónarmið fósturforeldra í þessu sambandi. Líkt og segir í álitum GEV hefði hugsanlega mátt bæta ástandið með betri samskiptum.

Í öðru máli sem skoðað var við frumkvæðisathugun GEV voru svipaðar aðstæður uppi. Í vitjun árið 2020 kom skýrt fram að miklir erfiðleikar væru varðandi hegðun barns. Fram kemur í gögnum málsins að vorið 2021 hafi fósturforeldrar verið alveg að gefast upp. Í júní 2021 sóttu fósturforeldrar um liðveislur. Í júní 2023 komu starfsmenn barnaverndarþjónustunnar í heimsókn á fósturheimili og sögðu fósturforeldrar að hegðun barns væri mjög erfið og óskuðu fósturforeldrar eftir aðstoð þar sem þeir væru orðnir úrvinda. Í dagál var í framhaldinu skráð að lagt væri til styrkt fóstur, handleiðsla fyrir fósturforeldra, áfallameðferð og stuðningsfjölskylda. Á meðferðarfundi í framhaldi var samþykkt að sækja um styrkt fóstur vegna barnsins. Fyrir liggur að sú umsókn var ekki afgreidd hjá BOFS þar sem gögn sem fylgja áttu umsókn höfðu týnst, sjá nánar í kafla 3 hér að framan. Umsókn sem liggur fyrir ári síðar er óundirrituð og því ekki unnt að gera ráð fyrir að hún hafi verið send BOFS. Í september 2023 var samþykkt á meðferðarfundi að hækka greiðslur til fósturforeldra vegna vinnutaps þeirra. Í óundirritaðri meðferðaráætlun frá 13. maí 2024 er kveðið á um stuðningsfjölskyldu fyrir barnið. Þá liggur einnig fyrir óundirritaður samningur vegna stuðningsfjölskyldu og persónulegs ráðgjafa frá október 2024 til ágúst 2025. Óljóst er af gögnum málsins hvort af framangreindum stuðningi hafi orðið. Að lokum liggur fyrir tilvísun vegna greiðslu á sálfræðiviðtölum fyrir fósturforeldra frá því í nóvember 2024. Líkt og sjá má af framangreindu er allur stuðningur í málinu afar óljós en ljóst er að það hefur tekið töluverðan tíma að fá stuðning vegna erfiðleika sem voru ljósir strax árið 2020.

Þá er tilefni til að nefna málavinnslu tveggja barna sem vistuð voru hjá fósturforeldrum í febrúar 2023. Í maí 2024 var fósturforeldrum tilkynnt um efni tilkynningar sem hafði borist barnaverndarþjónustu frá leikskóla og á sama tíma sagt að ekki væri búið að ákveða hvort

börnin yrðu áfram vistuð hjá þeim. Það skal tekið fram að ekkert liggur fyrir um umrædda tilkynningu í gögnum málsins og þá liggur ekkert fyrir um að fósturforeldrum hafi í framhaldinu verið tilkynnt um að tekin hefði verið ákvörðun um að vista börnin annarsstaðar. Hins vegar er ljóst af framlögðum gögnum að barnaverndarþjónustan hóf leit að nýju fósturheimili. Þegar ekkert gekk að finna nýtt fósturheimili var bókað um á meðferðarfundi að endurskoða fyrri ákvörðun, þ.e. að finna nýtt fósturheimili, og að kannaðir yrðu möguleikar á leiðsögn til fósturforeldra. GEV gerir alvarlega athugasemd við framangreind vinnubrögð barnaverndarþjónustunnar á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir. Að mati GEV hefði verið rétt að kanna möguleika á leiðsögn til fósturforeldra strax í upphafi áður en tekin væri hugsanlega afdrifarík ákvörðun um að finna börnunum annað fósturheimili.

Í viðtölum við starfsfólk var ljóst að ráðgjafar voru meðvitaðir um að sinna ætti eftirliti í það minnsta einu sinni á ári. Einn ráðgjafinn sagði:

Við erum meðvitaðar um að lögin greina frá því að við ættum að fara á öll fósturheimili einu sinni á ári a.m.k. En vegna manneklu og álags og langra ferðalaga er heimsókninni ekki alltaf sinnt í þetta eina sinn. Að sama skapi erum við alltaf í samskiptum við börnin og fósturforeldrana þrátt fyrir að heimsóknin sé ekki farin. Fósturforeldrar eru ekki óafskiptir þrátt fyrir að ekki sé farið í heimsókn. Ég t.d. átti viðtal við mín heimili sem ég komst ekki í heimsókn til í gegnum teams í fyrra.

Þeir fósturforeldrar sem rætt var við voru öll sammála um að töluvert hafi skort á eftirlit í málum þeirra barna sem ráðstafað hafði verið til þeirra. Í einu málinu sagði fósturforeldri að enginn hefði komið á heimilið í a.m.k. þrjú ár. Í því máli hafði fósturforeldri upplýst almennan starfsmann á þjónustuborði um vanlíðan barnsins og óskað eftir sálfræðiaðstoð fyrir hana. Viðbrögðin frá barnaverndarþjónustunni hefðu verið tölvupóstur þar sem fram kom að samþykktir hefðu verið ákveðið margir tímar. Sagði fósturforeldri: „Mér finnst barnaverndarþjónustan í Reykjanesbæ bregðast algerlega. Þau hafa ekki hugmynd um hver staðan er. Sem betur fer líður [barninu] vel.“

Hið sama var uppi á teningnum hjá öðrum fósturforeldrum sem rætt var við. Sögðu fósturforeldrarnir að síðustu tvö til þrjú ár hafi verið rosalegur losaragangur hvað varðaði vinnslu máls barnsins og eftirlit. Í einu málinu var um eitt og hálf ár síðan starfsmaður barnaverndarþjónustunnar mætti í eftirlit en á þeim tíma höfðu fósturforeldrar flust búferlum milli landshluta og enginn hefði komið og athugað aðstæður á nýja heimilinu.

Í viðtölum við fósturforeldra kom fram að þau upplifðu að barnaverndarþjónusta Reykjanesbæjar hefði ekki leiðbeint þeim nægilega varðandi mögulega aðstoð þeim til handa. Nefndi eitt fósturforeldrið að þrátt fyrir að hafa verið fósturforeldrar til fjölda ára hafi þau ekki verið upplýst um möguleikann á handleiðslu sér til handa fyrr en á síðastliðnu ári. Þá sögðu aðrir fósturforeldrar að fyrstu tvö árin hefði verið mjög gott að vita að unnt væri að óska eftir handleiðslu en þeim hafi ekki verið leiðbeint um það. Fósturforeldrar hafi í upphafi ítrekað óskað eftir fundi með málstjóra en ekki fengið. Það hafi alltaf verið afgreitt með örsnöggju símtali.

Þá kom oftár en einu sinni fram í viðtölum við fósturforeldra að erfiðlega hefði gengið að fá aðstoð hjá barnaverndarþjónustunni fyrir börnin. Eitt fósturforeldrið sagði: „Við höfum verið í sambandi við Reykjanesbæ með þetta en það gerist ekkert svo við höfum bara þurft að sækja það með handleiðaranum okkar.“

GEV beinir þeim **tilmælum** til barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar að endurskoða verklag sitt er kemur að eftirliti í samræmi við 89. gr. b. vbl., sbr. einnig 34. gr. reglugerðar um fóstur. Mikilvægt er að leggja áherslu á að fylgst sé náið með aðbúnaði og líðan barns á fósturheimili og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum. Í þessu sambandi er mikilvægt að fósturheimili séu heimsótt, a.m.k. einu sinni á ári, en oftár ef þörf er talin á.

Þá er þeim **tilmælum** beint til barnaverndarþjónustunni að gæta að því að leiðbeina fósturforeldrum á fullnægjandi hátt um þann stuðning sem þeim stendur til boða, sbr. 26. gr. reglugerðar um fóstur, sbr. einnig 3. mgr. 65. gr. a. vbl.

## 11. Fósturrof

Talað er um fósturrof, eða ótímabær fósturlok, þegar fósturráðstöfun endar áður en gildistími fóstursamnings er runninn út. Ýmsar ástæður geta legið að baki fósturrofi en eðli málsins samkvæmt er mikilvægt að fyrirbyggja eins og kostur er að fósturrof verði. Eitt af þeim atriðum sem eru til þess fallin að fyrirbyggja fósturrof er vönduð vinnsla málsins frá upphafi. Oft eru margir samverkandi þættir sem verða til þess að fósturrof verður en þættir sem taldir eru auka líkur á ótímabærum fósturlokum eru m.a.: Viðhorf og hæfni fósturforeldra, hegðunarerfiðleikar fósturbarns, skortur á markvissum stuðningi barnaverndar við fósturforeldra og/eða fósturbarn, viðhorf foreldra og fósturbarns til fósturráðstöfunar, breytingar á fjölskylduhögum fósturforeldra s.s. veikindi, flutningar, skilnaður o.fl.<sup>14</sup>

Þættir sem hins vegar eru taldir minnka líkur á fósturrofi eru t.a.m.: Jákvætt samstarf við fósturforeldra og foreldra, góður undirbúningur og aðlögun fósturbarns að fósturheimili, markviss stuðningur barnaverndar við fósturforeldra og fósturbarn, raunhæf markmið sem eru metin reglulega í teymi þeirra aðila sem koma að máli barnsins, fósturforeldrar sjá framfarir hjá fósturbarni, tengdar hegðun og líðan., því yngra sem barnið er þegar það fer í fóstur, jákvætt viðhorf og næmni fósturforeldra í garð fósturbarns, börnum fósturforeldra og fósturbarni kemur vel saman og eigin börn fósturforeldra eru á öðrum aldri en fósturbörn.<sup>15</sup>

Ef upp koma erfiðleikar er nauðsynlegt að grípa fljótt inn í, t.d. með auknum stuðningi til handa fósturforeldrum og/eða fósturbarni eftir atvikum, fræðslu og handleiðslu. Ef ekki er unnt að koma í veg fyrir fósturrof er nauðsynlegt að taka afstöðu til þess hvort barnið fari á annað fósturheimili, fari heim til foreldra eða í annað úrræði.

Barnaverndarþjónustunni er skylt að tilkynna um lok fóstur til bæði BOFS og GEV, sbr. 1. mgr. 73. gr. bvl. Ef fóstursamningur er felldur úr gildi fyrir en áætlað var, þ.e. fósturrof á sér stað, skal barnaverndarþjónusta einnig senda greinargerð um ástæður samningsslita, sbr. 33. gr. reglugerðar nr. 804/2004.

Í einu þeirra mála sem skoðuð voru vakti það athygli eftirlitsaðila að samkvæmt dagál var barn, sem hafði verið í varanlegri vistun hjá fósturforeldrum í tíu ár, komið fyrir á heimili systkinis fósturforeldris og fjölskylda þess. Það skal tekið fram að sú fjölskylda hefur ekki fengið útgefið leyfi frá GEV, þ.e. hvorki fósturleyfi né bráðavistunaleyfi skv. 84. gr. bvl., og þá var þessi vistun ekki tilkynnt GEV. Hugsanlega hefur ekki verið litið á þessa ráðstöfun sem formlega vistun. Hugsanlega hefur verið litið svo á að um umgengni væri að ræða. GEV bendir á að ef það var tilfellið hefði þurft að skrá það og gera umgengnissamning við þá aðila. Engin gögn liggja fyrir um að rætt hafi verið við barnið né heldur að það hafi

<sup>14</sup> Sjá heimasíðu BOFS: <https://island.is/s/bofs/vid-lok-fosturs> [sótt 20. janúar 2026.].

<sup>15</sup> Sjá heimasíðu BOFS: <https://island.is/s/bofs/vid-lok-fosturs> [sótt 20. janúar 2026.].

fengið talsmann. Ljóst er að þessi fjölskylda gat ekki haft barnið áfram og fer heimilismaður með barnið á annað fósturheimili eftir um mánaðardvöl. Starfsmaður barnaverndarþjónustunnar hafði þá verið búinn að fara á hið nýja fósturheimili og í skóla barnsins. Tilkynning um fóstursamning við nýtt fósturforeldri var send til GEV í samræmi við 1. mgr. 73. gr. bvl. en ekki hefur borist tilkynning um fósturrof vegna upphaflegrar vistunar líkt og þó er skylt skv. sömu grein.

GEV beinir þeim **tilmælum** til barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar að tryggja að tilkynning um lok fósturs sé send bæði til BOFS og GEV í samræmi við 1. mgr. 73. gr bvl., sbr. einnig 33. gr. reglugerðar nr. 804/2004.

